

ÁRSSKÝRSLA SVP

STARFSÁRIÐ 2018–2019 | BIRT Á AÐALFUNDI 14. MARS 2019



SAMAN ERUM VIÐ STERKARI

NÝIR FÉLAGSMENN

Á starfsárinu hafa eftirtalin fyrirtæki gerst aðilar að SVÞ:

A og K ehf.
Almenna leigufélagið ehf.
EC Consulting ehf
Hafnarbúðin ehf.
HEI ehf.
Iceland Recruitment ehf.
Iceland Tax Free ehf.
Iclean ehf.
Íslenskar vefverslanir ehf.
JGB, ráðgjöf og bókhald slf.
Landfast ehf.
Leikfélag Reykjavíkur ses.
Norðurbakkinn ehf.
Rush Iceland ehf.
Sam-félagið ehf.
Skalli slf.
Þórðarfell ehf
Torg ehf.
Umbúðir & Ráðgjöf ehf.
Vínviður ehf.
Vörutorg ehf.

STJÓRN OG TRÚNAÐARMENN

Stjórn SVÞ

Margrét Sanders, formaður, Strategía ehf.
Jón Björnsson, varaformaður, Festi hf.
Árni Stefánsson, Húsasmiðjan ehf.
Gústaf B. Ólafsson, Bitter ehf.
Jón Ólafur Halldórsson, Olíuverzlun Íslands hf.
Kjartan Örn Sigurðsson, Verslanagreining ehf.
Ómar Pálmason, Aðalskoðun ehf.

Starfsmenn

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri
Benedikt S. Benediktsson, lögfræðingur
Sara Dögg Svanhildardóttir, skrifstofustjóri, mennta- og fræðslumál
Ingvar Freyr Ingvarsson, hagfræðingur
Lárus M.K. Ólafsson, lögfræðingur
Þórunn K. Jónsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri

Fagráð um hafnamál

Aðalfulltrúi:

Garðar Jóhannesson, Nesskip ehf.

Fagráð um siglingamál

Aðalfulltrúi:

Birna Ragnarsdóttir, Samskip hf.

Fagráð um umferðarmál

Aðalfulltrúi:

Jóhannes Karl Kárason, Samskip hf.

Varafultrúi:

Erla María Árnadóttir, Eimskipafélag Íslands hf.

Fulltrúar SVÞ í fulltrúaráði SA starfsárið 2017-2018

Ari Fenger, 1912 ehf.
Arndís B. Sigurgeirsdóttir, Verslunarfélagið lða ehf.
Árni H. Kristinsson, BSI á Íslandi ehf.
Árni Stefánsson, Húsasmiðjan ehf.
Árný Elíasdóttir, Attentus – mannauður og ráðgjöf ehf.
Guðmundur Nikulásson, Eimskipafélag Íslands hf.
Jón Björnsson, Festi hf.
Jón Ólafur Halldórsson, Olíuverslun Íslands hf.
Kjartan Örn Sigurðsson, Verslanagreining ehf.
Kristín Hafsteinsdóttir, Verslunin Lindin
Kristján Zophoníasson, Inter Medica ehf.
Kristín Björg Jónsdóttir, POP Retail ehf.
Sigríður Anna Guðjónsdóttir, Skóli Ísaks Jónssonar
Margrét Sanders, Strategía ehf.
Sigurður Páll Hauksson, Deloitte ehf.
Skúli Skúlason, Samkaup hf.
Sigríður Anna Guðjónsdóttir, Skóli Ísaks Jónssonar
Margrét Kristmannsdóttir, Pfaff ehf
Sigríður Margrét Oddsdóttir, Já hf.
Vilhjálmur Egilsson, Háskólinn á Bifröst

Kjararáð SVÞ

Bára Mjöll Ágústsdóttir, Samskip hf.
Guðríður Baldursdóttir, Festi ehf.
Sigurbjörn Gunnarsson, Lyfja ehf.

Lyfjagreiðslunefnd

Kjartan Örn Þórðarson, Lyf og heilsa ehf.

Menntanefnd SA

Sara Dögg Svanhildardóttir, SVP

Starfsgreinaráð fyrir samgöngu-, farartækja- og flutningagreinar

Aðalfulltrúi:

Einar Guðmundsson, Eimskipafélag Íslands hf.

Varafulltrúi:

Freyja Eiríksdóttir, Samskip hf.

Starfsgreinaráð skrifstofu- og verslunargreina

Aðalfulltrúar:

Guðríður Hjördís Baldursdóttir, Norvik

Hlíf Böðvarsdóttir, Securitas hf.

Sigurlaug Þóra Kristjánsdóttir, Rekstrarvörur ehf.

Varafulltrúar:

Áslaug Hulda Jónsdóttir, SVP

Falur Jóhann Harðarson, Samkaup ehf.

Sædís Alda Búadóttir, 365 miðlar ehf.

Starfshópur um mótun stefnu um kjöraðstæður fyrir hagnýtingu Internetsins og réttindavernd netnotenda

Aðalfulltrúi:

Lárus M.K. Ólafsson, SVP

Starfshópur um matarsóun

Ingvar Freyr Ingvarsson, SVP

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks

Aðalfulltrúar:

Arndís Arnarsdóttir, Hagkaup

Eiður Stefánsson, LÍV

Guðbjörg Sesselja Jónsdóttir, SVP

Sara Dögg Svanhildardóttir, SVP

Ólafur Finnbogason, Íslandspóstur ohf.

Teitur Lárusson, VR, formaður

Stjórn EuroCommerce

Andrés Magnússon, SVP

Stjórn GS1

Bjarni Friðrik Jóhannesson, Festi ehf.

Stjórn Rannsóknaseturs verslunarinnar

Guðrún Jóhannesdóttir, Kokka ehf.

Stjórn og framkvæmdastjórn Samtaka atvinnulífsins

Stjórn SA:

Margrét Sanders, Strategía ehf.

Jón Ólafur Halldórsson, Olíuverzlun Íslands hf.

Elín Hjálmsdóttir, Eimskip ehf.

Gunnar Egill Sigurðsson, Samkaup hf.

Framkvæmdastjórn SA:

Margrét Sanders, Strategía ehf.

Jón Ólafur Halldórsson, Olís

Stjórn úrvinnslusjóðs

Lárus M.K. Ólafsson, SVP

Benedikt S. Benediktsson, SVP

Umhverfis- og heilbrigðisnefnd Reykjavíkur

Aðalfulltrúi:

Ólafur Jónsson, Skeljungur hf.

Umhverfismerkisráð Íslands

Aðalfulltrúi:

Erna Dröfn Haraldsdóttir, Samkaup hf.

Varafulltrúi:

Ingvar Freyr Ingvarsson, SVP

Verkefnahópur Litla Ísland

Þórunn K. Jónsdóttir, SVP

Verkefnastjórn um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda

Aðalfulltrúi:

Blængur Blængsson, Samskip hf.

Verkefnastjórn – Njarðarskjöldur

Guðbjörg S. Jónsdóttir, SVP

SKÝRSLA STJÓRNAR

Stjórn samtakanna var þannig skipuð á starfsárinu: Margrét Sanders, formaður, Árni Stefánsson, varaformaður, Elín Hjálmsdóttir, Gunnar Egill Sigurðsson, Gústaf B. Ólafsson, Jón Ólafur Halldórsson og Ómar Þ. Pálmason.

Stjórnin hélt alls 11 fundi á starfsárinu og verður hér gerð grein fyrir þeim fjölmörgu hagsmunamálum sem þar voru rædd sem og öðrum hagsmunamálum sem fjallað hefur verið um á öðrum vettvangi í starfsemi samtakanna.

Stefnumótun 2018

Stjórn og starfsfólk Samtaka verslunar og þjónustu hélt stefnumótunarfundi í júní 2018 eins og gert hefur verið undanfarin ár. Tilgangur þessarar vinnu var að móta og forgangsraða þeim verkefnum sem vinna skyldi að á því starfsári sem nú stendur yfir. Auk almennra hagsmunamála verslunar- og þjónustufyrirtækja var ákveðið að setja málefni flutningageirans, skóla- og heilbrigðisfyrirtækja og fasteignafélaga í forgrunn á starfsárinu. Nánar er fjallað um hvert þessara mála á öðrum stað í þessari skýrslu.

Starfsmannamál

Meiri hreyfing hefur verið á starfsmannamálum samtakanna á starfsárinu en mörg undanfarin ár. Sunna Ben Guðrúnardóttir sem tók við sem skrifstofustjóri í mars 2018 stoppaði stutt við og lét af störfum í lok maí. Sara Dögg Svanhildardóttir var ráðin í hennar stað og sinnir auk þess menntamálum fyrir samtökin. Þá hefur Þórunn Kr. Jónsdóttir verið ráðin markaðs- og kynningarstjóri samtakanna og hóf hún störf í september 2018. Lárus M.K. Ólafsson, sem gegnt hefur starfi lögfræðings SVÞ frá 2011 lét af störfum í lok janúar 2019 og við starfi hans tók Benedikt S. Benediktsson.

1 ALMENN HAGSMUNAGÆSLA

Eins og fyrr byggist hagsmunagæsla SVÞ á samskiptum við opinber stjórnvöld, Alþingi, ráðuneyti, sveitarfélög og stofnanir. Þá vega samskipti við erlend systursamtök nokkuð þungt í starfsemi samtakanna, en það hefur reynst SVÞ mjög dýrmætt í gegn um tíðina að geta reitt sig á upplýsingar frá systursamtökum, einkum á hinum Norðurlöndunum og frá hagsmunasamtökum verslunarinnar í Evrópu, EuroCommerce.

KJARAMÁL

Það málefni sem tekið hefur mestan tíma á vettvangi stjórnar samtakanna er tvímælalaust kjaramál. Allt starfsárið hafa þau mál verið á dagskrá stjórnarfunda með einum eða öðrum hætti, en áhyggjur stjórnarmanna af ástandinu á vinnumarkaði jukust mjög eftir því sem leið á starfstímann og frá og með sl. hausti voru kjaramál langmest rædd á fundum stjórnar. Áherslumál SVÞ í yfirstandandi kjaraviðræðum er sem fyrr breytt vinnutímafyrirkomulag með það að markmiði að koma til móts við ólík fjölskyldumynstur og breyttar áherslur nútímafólks.

Í ljósi þeirrar stöðu sem uppi er þegar þessi skýrsla er skrifuð, er óeðlilegt að fjalla ýtarlega um málið, þar sem það er á allra vitorði. Það er hins vegar hægt að harma það að valdamikil öfl innan verkalýðshreyfingarinnar virðast hafa það markmið fyrst og fremst að valda eins miklum skaða og unnt er, skaða sem allir munu á endanum tapa á, ekki síst umbjóðendur þessara aðila. Vona verður í lengstu lög að skynsemin nái yfirhöndinni áður en kjaradeilurnar sem nú standa yfir valda óafturkræfum skaða fyrir íslenskt efnahagslíf.

SKATTA- OG TOLLAMÁL

Tollasamningur við Evrópusambandið

Fyrsti hluti tollasamnings við Evrópusambandið, sem undirritaður var haustið 2016, kom til framkvæmda 1. maí 2018. Samningurinn verður að fullu kominn til framkvæmda árið 2021. Áhersla SVÞ í sambandi við framkvæmd þessa samnings hefur verið að tryggja að úthlutun kvóta fyrir innflutning á grundvelli þessa samnings verði með þeim hætti að þeir veiti innlendri framleiðslu það samkeppnisaðhald sem nauðsynlegt er og þar með að neytendur fái þann ábata af samningnum sem að er stefnt.

Nefnd sem landbúnaðarráðherra skipaði til að gera tillögur um framkvæmd úthlutunarinnar hefur skilað af sér og verða nauðsynlegar tillögur til lagabreytinga væntanlega kynntar á næstunni. SVÞ mun eftir sem áður fylgjast með að framkvæmdin verði með þeim hætti að þessar breytingar hafi tilætluð áhrif.

Umræða um niðurfellingu tolla og vörugjalda

Sífelld spretta upp í opinberri umræðu ásanir um að verslunin hafi ekki skilað til neytenda þeirri niðurfellingu tolla og vörugjalda sem kom til framkvæmda á árunum 2015–2017. Skrifstofa SVÞ hefur ekki tölu á þeim tilvikum þar sem slík umræða hefur átt sér stað og virðist litlu sem engu breyta þó að óháðir aðilar sendi frá sér álit á þessu máli. Í skýrslu sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands sendi frá sér í september 2018 og ber yfirskriftina „Áhrif afnáms tolla og vörugjalda á verðlag“ er m.a. að finna eftirfarandi ályktun stofnunarinnar:

„Í stuttu máli lækkaði smásöluverð allra varanna sem hér eru skoðaðar. Svo virðist sem lækkun gjalda hafi skilað sér í vasa neytenda. Álagning kaupmanna, mæld í krónum, lækkaði á flestum vörum. Í þeim tilfellum þar sem mæld álagning jókst yfir tímabilið fæst ólík niðurstaða eftir því hvaða mælikvarði er notaður á smásöluverð. Því ríkir meiri óvissa um þær niðurstöður en aðrar.“

SVÞ leyfir sér að vona að nú fari að draga úr þessari undarlegu umræðu eftir því sem fleiri óháðir aðilar stíga fram og skýra út með óhrekjanlegum hætti að neytendur hafa að fullu notið góðs af niðurfellingum tolla og vörugjalda.

Framkvæmd búvörusamninga

SVÞ hefur áfram fylgst með framkvæmd búvörusamninga en nefnd sem unnið hefur að endurskoðun þeirra er starfandi og eru Samtök atvinnulífsins með einn fulltrúa í nefndinni. Svo sem kunnugt er gildir núgildandi búvörusamningur til ársloka 2026 og felur í sér skuldbindingu fyrir ríkissjóð um bein framlög til einkum nautgripa- og sauðfjárræktar upp á um 15 milljarða á ári, en sú upphæð er vísitölubundin. Samtökin eru áfram gagnrýnin á búvörusamninginn og framkvæmd hans og þá miklu fjármuni af opinberu fé sem fer í þennan málaflokk.

Útvistun verkefna

Því miður gengur ekki sem skyldi að vekja athygli stjórnvalda á kostum þess að útvista verkefnum frá hinu opinbera til einkaaðila. Samtökin hafa þó sýnt fram á góð dæmi máli sínu til stuðnings, samanber að bifreiðaskoðun var falin einkaaðilum fyrir u.þ.b. tuttugu árum síðan. Staða þessara mála var rædd á vettvangi stjórnar og kom það sjónarmið fram að hugsanlega væru samtökin að fókusera á of marga þætti málsins. Skynsamlegra gæti verið að afmarka viðfangsefnið betur. Voru stofnanir á borð við Matvælaeftirlit og Vinnueftirlit nefndar sem dæmi um stofnanir sem hefðu með höndum verkefni sem væru betur komin í höndum einkaaðila.



Staða útboðsmála

Í gegn um tíðina hafa útboðsmál iðulega ratað á borð stjórnar samtakanna. Mun meira hefur verið um slík mál á starfsárinu en nokkur undanfarin ár. Svo virðist sem vinnubrögð opinberra aðila í tengslum við útboð og framkvæmd þeirra hafi farið versnandi síðustu misserin. Á það bæði við um undirbúning útboða, þ.e. gerð útboðsgagna, fresti og tímasetningu þeirra. Það er miður að þessi mikilvægi málaflokkur sé ekki eins vel unninn hjá opinberum aðilum og æskilegt væri, þar sem það er gagnkvæmur hagur verkkaupa og verksala að framkvæmd útboða séu vönduð. Með því móti aukast líkurnar mjög á því að gæði þeirrar vöru eða þjónustu sem boðin hefur verið út verði eins og best verður á kosið.

Niðurgreidd samkeppni

Nú þegar erlend samkeppni í formi netverslunar vex hröðum skrefum var sjónum í auknum mæli beint að því hvort hin alþjóðlega samkeppni fari fram á jafnréttisgrundvelli. Því miður fer fjarri að svo sé. Á grundvelli ævagamals alþjóðasamnings, sem á rætur sínar að rekja allt aftur á 19. öld og Ísland er aðili að, ber pósthjónustufyrirtækjum í þróuðum ríkjum að greiða 70–80% af kostnaði við póstsendingar sem þangað berast frá ríkjum sem flokkast sem þróunarríki. Þróunarríkin greiða einungis 20–30% af þessum kostnaði.

Kína flokkast sem þróunarríki samkvæmt skilgreiningum þessa samnings, þrátt fyrir að vera annað stærsta efnahagsveldi heims. Hingað til lands berst gífurlegt magn póstsendinga frá Kína og fer því samkeppni við netverslun frá Kína ekki fram á jafnréttisgrundvelli, þar sem sendingarkostnaðurinn er að verulegu leyti niðurgreiddur. Þetta er erfið staða þar sem hinn alþjóðlegi samningur sem kveður á um þetta fyrirkomulag, er næst til endurskoðunar árið 2021.

SAMSKIPTI VIÐ OPINBERAR STOFNANIR, RÍKI OG SVEITARFÉLÖG

Útreikningur tollkvóta á kjöti

SVÞ beittu sér á ýmsum sviðum hvað varðar úthlutun á tollkvótum, bæði hvað varðar landbúnaðarvörur sem og plöntur og blóm. Þar má nefna sem dæmi að sl. vor sendu samtökin sameiginlegt erindi ásamt Neytendasamtökunum til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra þar sem þess var krafist að horfið yrði frá tillögum starfshóps um tollasamning og mótvægisáðgerðir stjórnvalda vegna tollasamninga Íslands og Evrópusambandsins sem tóku gildi sl. maí um að við útreikning á magni tollkvóta við innflutning verði miðað við ígildi kjöts með beini. Skoruðu samtökin á ráðherra að hafna þeirri leið sem starfshópurinn lagði til enda um að ræða viðsnúning frá núverandi framkvæmd. Hefur ráðherra nú tekið þá ákvörðun að hverfa frá umræddri tillögu hópsins.

Samkeppni á póstmarkaði

SVÞ hafa undanfarin ár átt samskipti við stjórnvöld hvað varðar samkeppni á póstmarkaði þar sem samtökin hafa lýst áhyggjum sínum og aðildarfyrirtækja þeirra hvað varðar t.d. lagaskil póstlöggjafar við samkeppnislöggjöf, starfsemi eftirlitsaðila og framkvæmd með eftirliti á póstmarkaði. Í ljósi þess að boðaðar hafa verið breytingar á löggjöf um póstmál, s.s. afnám einkaréttar íslenska ríkisins á póstsendingum, þá sendu SVÞ erindi til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis þar sem m.a. var kvartað undan óljósum skilum á milli eftirlits Póst- og fjarskiptastofnunar og Samkeppniseftirlitsins sem bitni með alvarlegum hætti á



samkeppni á póstmörkaði. Telja samtökin mikilvægt að tekið verði á þessu álitamáli til að tryggja virkt eftirlit með samkeppni á póstmörkaði.

Skilgreining á áfengi

SVP hafa að undanfögnu verið í samskiptum við dómsmálaráðuneyti vegna skilgreiningar á áfengi, þ.m.t. áfengi sem og áfengislausum eða -snauðum vörum. Komið hefur í ljós að þar sem ekki er í áfengislöggjöf skýrt greint á milli áfengis og áfengisskertra drykkja þá er hérlandum aðilum óheimilt að markaðssetja vörur annaðhvort sem áfengislausar eða -snauðar. Hafa SVP farið þess á leit við ráðuneytið að það taki til skoðunar breytingar á ákvæðum áfengislaga á þann veg að óáfengir drykkir verði skilgreindir sérstaklega, t.a.m. eins og gert hefur verið í norskri áfengislöggjöf. SVP vænta þess að breytingar kunni að vera gerðar á þessa vegu.

Kæra vegna samnings um Heilsuveru

Í september sl. kvað kærunefnd útboðsmála upp úrskurð sinn í máli þar sem SVP báru upp kvörtun, f.h. aðildarfyrtækis samtakanna, vegna samstarfssamnings Embættis landlæknis og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við TM Software um þróun á hugbúnaði vegna Heilsuveru. Töldu samtökin að umrædd vinna hafi verið útboðsskyld en hins vegar hafi ekki verið leitað tilboða í verkið. Í úrskurði sínum tekur kærunefndin undir þau sjónarmið og að teknu tilliti til kostnaðar við verkið hafi Embætti landlæknis og Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins átt að bjóða það út. Með því að það var ekki gert brutu þessir aðilar gegn ákvæðum laga um opinber innkaup.

Innflutningsbann á fersku kjöti – kvörtun til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA)

SVP sendu árið 2011 kvörtun til ESA vegna innleiðingar íslenskra stjórnvalda á reglugerð ESB um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla. Töldu samtökin að íslensk stjórnvöld hafi ekki innleitt matvælalöggjöf EES-samningsins með fullnægjandi hætti enda er enn viðhaldið innflutningsbanni á fersku kjöti. Eftir rannsókn sína á málinu komst ESA að sömu niðurstöðu og SVP að núgildandi löggjöf á Íslandi varðandi innflutning á fersku kjöti frá öðrum EES-ríkjum er andstæð EES-samningnum.

Tók ESA því að fullu undir sjónarmið SVP í málinu um að núverandi kerfi feli í sér óréttlætanlegar og ónauðsynlegar viðskiptahindranir. Þar sem íslensk stjórnvöld höfðu enn ekki brugðist við rökstuddu áliti stofnunarinnar og gripið til viðeigandi ráðstafana vísaði ESA málinu til EFTA-dómstólsins sem síðar staðfesti ólögmæti innflutningstakmarkana á fersku kjöti. Í október var svo kveðinn upp dómur í Hæstarétti sem tók undir fyrri úrlausnir í málinu. Með þeim dómi var endanlega kveðið á um ólögmæti þessara hindrana á innflutningi og er niðurstaðan því í fullu samræmi við upphaflega kvörtun SVP.

Póstsendingar frá Kína

Á vettvangi SVP hefur að undanfögnu verið lögð rík áhersla á að greina starfsumhverfi netverslunar og þær breytingar sem munu eiga sér stað á næstunni í ljósi þess að æ meiri viðskipti með vörur og þjónustu fara fram á netinu. Á grundvelli áratuga gamals alþjóðasamnings (Universal Postal Union), sem á rætur sína að rekja allt aftur á 19. öld og Ísland er aðili að, ber opinberum pósthjónustufyrirtækjum í þróuðum ríkjum að greiða



70–80% af kostnaði við póstsendingar sem þangað berast frá ríkjum sem flokkast sem þróunarríki og flokkast Kína þar sem þróunarríki. Augljóslega stendur innlend verslun, bæði hefðbundin og netverslun, höllum fæti gagnvart þessari ójöfnu samkeppni. Þetta er staða sem ekki er hægt að una við lengur enda ljóst að samkeppni þrífst ekki við slíkar aðstæður, aðstæður þar sem framleiðsla í Kína er niðurgreidd af íslenska ríkinu sem og öðrum ríkjum í hinum vestræna heimi. Því hafa SVÞ beitt sér fyrir þessu máli gangvart stjórnvöldum og er krafa samtakanna skýr, þ.e. að ríkið láti af opinberum niðurgreiðslum á samkeppnismarkaði.

Persónuvernd

Á síðasta ári komu til framkvæmda umfangsmestu breytingar sem gerðar hafa verið á evrópskri persónuverndarlöggjöf í rúm 20 ár og hafa fyrirtæki, jafnt sem samtök, þurft að aðlagastarfstemi sína að breyttum kröfum til persónuverndar og öryggis persónuupplýsinga. Breytingarnar eru tilkomnar vegna reglugerðar Evrópusambandsins og kalla á ríka endurskoðun fyrirtækja á núverandi framkvæmd og fyrirkomulagi þeirra er viðkemur söfnun, vinnslu og miðlun á persónuupplýsingum. Mikilvægt er að fyrirtæki taki tillit til þessara áorðnu breytinga og aðlagastarfstemi sína að breyttum reglum. SVÞ hafa, ásamt SA og öðrum hagsmunasamtökum, safnað saman ýmsum fróðleik, gátlistum og leiðbeiningum um hið breytta regluverk og hefur þetta efni nú verið birt inni á vinnumarkaðsvef á heimasíðu SA.

Kvörtun til Samkeppniseftirlitsins vegna samkeppnisumhverfis í rekstri heilsugæslu

Í kjölfar útboðs um þjónustu nýrra heilsugæslustöðva fyrir Sjúkratryggingar Íslands komu í ljós ýmis álitamál hvað varðar samkeppnisstöðu einkarekinnar heilsugæslu gagnvart opinberum stöðvum. Má þar nefna opinbera niðurgreiðslu á rannsóknarkostnaði, trygginga- og lífeyrismál, tölvumál og hýsingu gagna sem og heilsugæslu í skólum og endurgreiðslu á virðisaukaskatti. Í kjölfar yfirferðar á málinu beindi Samkeppniseftirlitið tilmælum til heilbrigðisráðherra að taka til skoðunar tiltekin atriði með það að markmiði að greina mögulegan misbrest á samkeppnisjöfnuði á milli einkarekinna og opinberra heilsugæslustöðva.

Framkvæmd við opinber innkaup

SVÞ hafa reglulega borist ábendingar um ýmsa misbresti hvað varðar framkvæmd opinberra innkaupa en mikilvægt er að kaupendur gæti ávallt að þeim leikreglum sem um slík innkaup gilda. Síðastliðið sumar bárust SVÞ ábendingar hvað varðar útboð ræstinga í grunnskólum Kópavogsbæjar. Við nánari skoðun á málinu mátti ráða að ýmsir misbrestir voru hvað varðar þær kvaðir sem lagðar voru á þjónustuveitanda, en um var að ræða einhliða og íþyngjandi skilmála, auk þess sem gengið var gegn kjarasamningsbundnum réttindum starfsfólks þjónustuveitendanna til viðbótar við ýmsa formgalla í útboðsgögnum. Að mati SVÞ er mikilvægt að opinberir aðilar hugi vel að skilmálum útboða, jafnræði aðila og samræmi útboðsskilmála við réttindi og skyldur á almennum vinnumarkaði. Í ljósi þessa sendu SVÞ erindi til Kópavogsbæjar þar sem gerð var grein fyrir athugasemdum



samtakanna ásamt því að fundað var um málið með yfirstjórn bæjarins. Í framhaldi þessara samskipta voru gerðar einstaka breytingar á útboðsgögnum.

UMSAGNIR UM LAGAFRUMVÖRP/ ÞINGSÁLYKTUNARTILLÖGUR/REGLUGERÐIR

Drög að frumvarpi til nýrra umferðarlaga

SVÞ sendu sameiginlega með SA, SAF og SI umsögn um drög að frumvarpi til nýrra umferðarlaga. Í umsögn samtakanna voru gerðar athugasemdir við drögin, bæði á þá vegu að fagnað var tilteknum áherslum en öðrum mótmælt með tilheyrandi röksemdum. Er viðkemur gagnrýni samtakanna á einstaka þætti má sem dæmi nefna breytingar á skilyrðum hvað varðar ökuréttindi, aksturs- og hvíldartíma ökumanna, sektir vegna notkunar á negldum dekkjum og hækkun sekta en samtökin telja að frekari rökstuðning vanti fyrir þessum tillögum. Þá má einnig nefna gagnrýni samtakanna er viðkemur breytingum á hlutlægni ábyrgð eigenda ökutækja en samtökin leggja á millið gegn þeim áformum að eigendur ökutækja séu gerðir ábyrgir fyrir hraðasektum sem ekki varða punktum.

Drög að frumvarpi til laga um skráningu einstaklinga

SVÞ sendu umsögn um drög að frumvarpi til laga um skráningu einstaklinga. Í umsögninni benda SVÞ á að samtökin hafa undanfarin ár verið með til skoðunar ýmis álitamál hvað

varðar gjaldtöku Þjóðskrár Íslands, á grundvelli núgildandi laga um þjóðskrá, og hvernig sú gjaldtaka hefur haft áhrif á starfsemi aðildarfyrirtækja SVÞ, þá sér í lagi heilbrigðisfyrirtæki sem starfa sinna vegna er gert skylt lögum samkvæmt að sækja sér þjónustu Þjóðskrár Íslands. Í umsögninni kemur fram skýr krafa SVÞ að í lögum um skráningu einstaklinga verði tryggt að gjaldskylda hvíli ekki á þeim aðilum sem eingöngu og alfarið að kröfu annarra opinberra aðila sé gert að sækja upplýsingar úr þjóðskrá.

Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir

SVÞ sendu ásamt SA og SI umsögn um málið vegna breytinga á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir þar sem lagðar voru til einstaka breytingar vegna einnota plastpoka. Nánar tiltekið var í drögunum sett fram tillaga um töluleg markmið sem skuli ná um árlega notkun burðarpoka úr plasti og að óheimilt verði að afhenda burðarpoka, þ.m.t. burðarpoka úr plasti, án endurgjalds á sölustöðum vara og að gjaldið verði sýnilegt á kassakvittun og loks er lagt til að óheimilt verði að afhenda burðarpoka úr plasti á sölustöðum vara frá og með 1. júlí 2021. Samtökin ítrekuðu mikilvægi þess að horfa til heildarumhverfisáhrifa vöru þegar opinberir aðilar ákveða að beita stjórnsýsluáðgerðum til að stýra neyslu í þágu umhverfisverndar. Þröngt sjónarhorn, t.d. ef eingöngu er horft til enda lífsferils, getur orðið til þess að umhverfisáhrif falli af meiri þunga fyrr í lífsferlinu, s.s. við framleiðslu eða flutninga. Töldu samtökin algert bann við afhendingu plastpoka kunni að fela í sér víðtækari vandamál en ætlunin er að leysa. Þá vöktu samtökin athygli á að sú tillaga gengur einnig gegn sátt sem náðist innan starfsnefndar sem samanstóð af fulltrúum



tilnefndum af ríki, sveitarfélögum og atvinnulífi ásamt því að leitað var eftir samráði við hagsmunaaðila á ýmsum sviðum. Skilaði nefndin tillögum árið 2016. Á grundvelli þeirra tillagna hafa fyrirtæki fjárfest í lausnum til draga úr notkun einnota plastpoka eða skipta þeim alfarið út fyrir aðra vöru.

Frumvarp til laga um siglingavernd

Í umsögn sinni gagnrýndu SVP þær breytingar sem lagðar voru fram í frumvarpinu og varðaða svigrúm til að leggja á sektir, þ.e. allt frá 10.000 kr. á dag til 2.000.000 kr. á dag. Bentu samtökin á að hvorki í ákvæði frumvarpsins né heldur athugasemdum við það sé að finna nánari rökstuðning fyrir þessu svigrúmi og þess þá heldur leiðbeiningar til handa stjórnvöldum hvað varðar ákvörðun þeirra hverju sinni. Þá gagnrýndu SVP harðlega að í frumvarpinu er lögð til hlutlæg ábyrgð lögaðila þó svo að sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa.

Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun 2019–2033 og fimm ára samgönguáætlun 2019–2023

SVP sendu sameiginlega með SA, SAF, SFS og SI umsögn um samgönguáætlun 2019–2033 og fimm ára samgönguáætlun 2019–2023. Í umsögninni voru m.a. ítrekaðar fyrri ábendingar samtakanna að forgangsraða þurfi verkefnum hvað varðar uppbyggingu samgönguinnviða þannig að fyrst verði ráðist í þau verkefni sem brýnust eru þ.e. skila mestum þjóðhagslegum ávinningi. Í þeirri forgangsraðun þarf að tryggja að innviðir í vegakerfinu verði styrktir og viðhald ekki látið sitja á hakanum. Meta verður hvaða

aðgerðir séu þjóðhagslega hagkvæmar og nýta kostnaðar-/ábatagreiningar líkt og tíðkast í löndunum í kringum okkur. Þá lögðu samtökin ríka áherslu á að huga þurfi að umferðaröryggi og styrkja þannig viðhald og uppbyggingu vegakerfisins með það í huga.

Tillaga til þingsályktunar um uppsögn tollasamnings um landbúnaðarvörur við Evrópusambandið

SVP barst til umsagnar tillaga til þingsályktunar um uppsögn tollasamnings um landbúnaðarvörur við Evrópusambandið. Í umsögn sinni bentu SVP á að aukin samkeppni á þessu sviði viðskipta sé mikilvæg og með því móti muni íslenskir neytendur hafa úr meira úrvali landbúnaðarvara að velja og ekki síður muni það veita innlendra framleiðslu það samkeppnislega aðhald sem henni er nauðsynlegt, eins og öðrum atvinnugreinum. Vísuðu SVP m.a. til þess framfaraspors sem slík samkeppni var fyrir innlenda framleiðslu á grænmeti sem fól í sér verulega hvatningu til handa innlendum framleiðendum að framleiða enn betri og samkeppnishæfari vöru sem raunin hefur orðið. Þá gagnrýndu SVP harðlega fullyrðingar í greinargerð tillögunnar um brostnar forsendur vegna atvika sem enn hafa ekki tekið gildi eða komið til framkvæmda, sbr. fyrirhuguð úrsögn Breta úr ESB. Lögðust SVP alfarið gegn því að tillagan myndi ná fram að ganga á Alþingi.

Umsögn um frumvarp til umferðarlaga

SVP ásamt SA, SAF, SFF og SI skiluðu sameiginlega umsögn til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um frumvarp til umferðarlaga. Var umsögnin í grunninn samhljóða framangreindri umsögn um drög að frumvarpi til umferðarlaga sem samtökin sendu inn í samráðsgátt Stjórnarráðsins og vikið er að hér að framan. Þó svo að samtökin



hafi fagnað því að brugðist hafi verið við einstaka fyrri athugasemdum þeirra sem snéru m.a. að einföldun starfsleyfa og að tekin var út heimild sveitarstjórna til gjaldtöku þá töldu þau mikilvægt að ítreka fyrri ábendingar, s.s. hvað varðar samspil skráningar- og vátryggingarskyldu, frávik frá aksturs- og hvíldartíma, skilyrði til að stjórna ökutæki og sviptingu ökuréttinda. Þá gerðu samtökin einnig athugasemd við það verklag að samhliða þinglegri meðferð á frumvarpi til umferðarlaga skyldi ekki einnig tekið til afgreiðslu frumvarp til laga um ökutækjatrýggingar og að gildistaka þessara tveggja frumvarpa verði samræmd. Bentu samtökin á nauðsyn þess að tryggja samræmi á milli þessara tveggja frumvarpa enda eru þau nátengd en í dag eru ákvæði um ökutækjatrýggingar hluti af umferðarlögum.

Frumvarp til laga um pósthjónustu

SVÞ sendu ásamt SA umsögn um frumvarp til nýrra laga um pósthjónustu þar sem samtökin fagna því að með framlögðu frumvarpi er skrefið tekið að fullu við að afnema einkarétt íslenska ríkisins á pósthjónustu og lokaskrefið stigið í þeirri vegferð að opna alfarið á samkeppni á þeim markaði. Því styðja samtökin það markmið frumvarpsins heilshugar. Hins vegar telja samtökin mikilvægt við þá framkvæmd að tryggja að skilyrði fyrir samkeppni á þessum markaði, sem og öðrum þeim tengdum, séu tryggð og innkoma opinbers aðila inn á markaðinn raski ekki þeim skilyrðum eða hafi skaðleg áhrif á samkeppni. Þá ítrekuðu samtökin mikilvægi þess að hugað verði að því að framkvæma mat á samkeppnislegum áhrifum boðaðra breytinga á markaði, hvort sem það er pósthjónaður eða aðrir tengdir markaðir.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (kennitöluflakk)

SVÞ sendu sameiginlega umsögn ásamt SA, SAF, Samorku, SFF, SFS og SI um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (kennitöluflakk). Í umsögninni bentu samtökin á að kennitöluflakk hefur verið meinsemd í íslensku atvinnulífi til fjölda ára en í því felst að viðkomandi félag hættir starfsemi en rekstur þess heldur áfram í gegnum annað félag með nýrri kennitölu enda sé markmiðið með gjaldþrotinu að komast undan einhverjum eða öllum lagalegum skuldbindingum félagsins. Þá vöktu samtökin athygli á að þau settu á fót starfshóp um leiðir til að sporna gegn kennitöluflakki í júní 2016 sem skilaði af sér tillögum sem voru samþykktar af stjórnun samtakanna. Samtökin fólu SA að taka upp viðræður við Alþýðusamband Íslands og kunngerðu samtökin tillögur sínar, Stöðvum kennitöluflakk 20. júní 2017 á sérstökum fréttamannafundi auk þess að kynna þær sérstaklega fyrir fjármálaráðherra og ráðherra ferðamála, iðnaðar og nýsköpunar. Fögnuðu samtökin því að til standi að leggja fram frumvarp samkvæmt tillögum samtakanna, sbr. tillögur í frumvarpinu.



2 SÉRTÆK HAGSMUNAGÆSLA

Starfsemi faghópa innan SVÞ er mikil enda eiga fyrirtækin innan faghópanna það sameiginlegt að hafa þörf fyrir öfluga hagsmunagæslu af hálfu samtakanna. Stærsti hluti þessarar vinnu lýtur að samskiptum við opinbera aðila.

FAGHÓPAR

FAGGILDINGARHÓPUR SVÞ

Stærstur hluti þeirra fyrirtækja sem starfa á sviði faggildingar hér á landi hefur gengið til liðs við SVÞ og innan samtakanna starfar sérstakur hagsmunahópur þessara fyrirtækja. Hagsmunahópurinn gætir sameiginlegra hagsmuna fyrirtækjanna, bæði gagnvart stjórnvöldum og öðrum. Markmið hópsins er að vekja athygli á mikilvægi faggildingar í samfélaginu og efla vitund almennings gagnvart þessari starfsemi. Þá hefur hópurinn það markmið að hvetja til útivistunar verkefna frá hinu opinbera til faggiltra fyrirtækja og stuðla þannig að hagræðingu hjá hinu opinbera. Hópurinn starfar á grundvelli samþykktar sem hann setti sér.

Fundir

Alls voru haldnir sjö fundir hjá hagsmunahópnum, bæði almennir fundir sem og sérstakir fundir sem boðað var til að gefnu tilefni hverju sinni. Af öðrum fundum á árinu má helst nefna að hópurinn fundaði með samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra í febrúar sl. þar sem farið var yfir áherslur hópsins og fyrirtækja innan hans vegna boðaðra breytinga á reglugerð um skoðanir ökutækja, eins og nánar verður gerð grein fyrir hér að neðan.

Faggildingarráð

Bæði í samskiptum við stjórnvöld sem og í starfsemi hagsmunahópsins hefur hann ávallt lagt ríka áherslu á að tryggt verði að starfsemi faggildingar eigi sér talsmann innan stjórnsýslunnar sem hefur það að markmiði að tryggja framgang þessara mála og faglega stjórnsýslu og ákvörðunartöku hjá bæði ráðuneytum og stofnunum. Það var því sérstakt fagnaðarefni að í ársbyrjun 2018 var komið á sérstöku faggildingarráði sem haldið er út af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti þar sem faggildingarhópur SVÞ á sæti ásamt fulltrúum bæði ríkis og atvinnulífsins. Eitt af áherslumálum hópsins er að tryggja að faggildingarráð verði falið hlutverk til lengri tíma litið, og verði því ekki eingöngu starfrækt tímabundið. Að sama skapi má binda vonir við það að öflugt faggildingarráð, með rödd innan stjórnsýslunnar, verði til þess fallið að auka skilning á mikilvægi faggildingar í öllu starfi og að ráðið verði stjórnvöldum til ráðgjafar á þessu sviði. Á vettvangi ráðsins hefur verið til umræðu að stjórnvöld hugi að því að tryggja að Faggildingarsvið Einkaleyfastofunnar (ISAC) undirgangist jafningjamat og áhersla sviðsins verði að geta þjónustað prófunar- og skoðunarstofur.

Starfsemi Samgöngustofu

Á vettvangi hópsins hafa á árinu verið til skoðunar ýmsir þættir í starfsemi Samgöngustofu. Í tengslum við það voru fulltrúar fyrirtækja m.a. boðaðir á fund nefndar sem starfaði í umboði samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis og hafði að markmiði að taka út starfsemi Samgöngustofu. Niðurstaða nefndarinnar hefur enn ekki verið birt opinberlega en af fréttáflutningi af innihaldi hennar má ráða að nefndin hefur tekið undir ýmsar ábendingar hópsins og fyrirtækja innan hans um ágalla sem eru í starfsemi stofnunarinnar. Er það von hópsins að tekið verði tillit til þeirrar vinnu og starfsemi Samgöngustofu verði tekin til nánari skoðunar, hvort sem það varðar útvistun verkefna innan stofnunarinnar eða samskipti hennar við fyrirtæki.

Hæfniskröfur vegna eftirlits með vogum

Hópurinn lagði á árinu áherslu á að leysa úr þeirri stöðu sem uppi var og viðkemur hæfi innlendra aðila til að hafa eftirlit með vogum á grundvelli reglugerðar um gerð og framleiðslu ósjálfvirks vogabúnaðar. Þar sem ISAC hefur enn ekki undirgengist svokallað jafningjamat uppfyllir sviðið ekki þær kröfur sem vísað er til í reglugerðinni. Í ljósi þessa hefur ISAC ekki verið unnt að tilkynna til þess bæra aðila á grundvelli þessa ákvæðis sem hefur haft í för með sér að faggiltar skoðunar- og prófunarstofur hér á landi hafa ekki getað tekið að sér verkefni hvað varðar úttektir á vogum. Hafði ástand þetta í för með sér verulega íþyngjandi áhrif á starfsemi bæði faggiltra skoðunar- og prófunarstofa sem og innlend fyrirtæki sem háð eru þeirri þjónustu sem hér um ræðir. Í kjölfar erindis sem sent var til ráðuneytisins var brugðist við þessum vanda með breytingum á reglugerðinni m.a. með því að samræma umrætt ákvæði þeim kröfum sem gerðar eru um tilkynningar um samræmismatsstofur í reglugerð um lyftur og öryggisíhluti fyrir lyftur.

Gjaldskrá Samgöngustofu

Hópurinn ítrekaði sl. haust fyrirbyggjandi gagnrýni hópsins á gjaldskrá Samgöngustofu en hópurinn hafði áður kvartað undan þeirri gjaldtöku til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, m.a. vegna ógagnsæi í hækkun gjalda, en ráðuneytið frestaði afgreiðslu erindis hópsins með vísan til þess að Ríkisendurskoðun væri þá þegar að taka til skoðunar starfsemi og gjaldtöku Samgöngustofu. Hópurinn ítrekaði kvörtun sína sl. haust þegar ráðuneytið hafði enn ekki svarað honum þrátt fyrir að niðurstaða Ríkisendurskoðunar hefði legið fyrir frá því í maí 2017. Þar sem erindum hópsins hafði

enn ekki verið svarað kvartaði hópurinn undan bæði umræddri gjaldtöku og seinangangi ráðuneytisins að svara framkomnum erindum til umboðsmanns Alþingis í október sl. Í kjölfar kvörtunar hópsins til umboðsmanns Alþingis hefur ráðuneytið boðað að ný gjaldskrá verði gefin út fyrir mitt ár 2019.

Umsagnir

Hópurinn sendi nokkrar umsagnir á árinu um bæði þingmál sem og drög að reglugerð um ökutækjaskoðanir, s.s. drög að frumvarpi að nýjum umferðarlögum og síðar frumvarp sama efnis þar sem athugasemdir hópsins vörðuðu einkum innheimtu á vanrækslugjaldi en það mál hefur verið rekið á vettvangi hópsins. Hefur hópurinn lagt ríka áherslu á að hið opinbera gangi til samninga við skoðunarstofur vegna innheimtu þess gjalds, framkvæmdar þeirrar innheimtu og þóknunar vegna þess. Að óbreyttu eru stofurnar að innheimta umrædd gjöld f.h. ríkissjóðs á eigin kostnað sem gengur í berhögg við aðra innheimtu opinberra gjalda sem þau innheimta fyrir ríkið.

Þá hefur hópurinn í umsögnum um ýmis þingmál á liðnum árum vakið athygli Alþingis á þeirri slagsíðu sem er varðandi stjórnsýslu faggildingar hér á landi og að íslenska ríkið hefur enn ekki undirgengist alþjóðlegar skyldur á þessu sviði. Eftir sem áður hafa frumvörp sem fela í sér ákvæði um opinbert eftirlit verið lögð fram á Alþingi þar sem vísað er til svokallaðs samræmismats og tilkynntra aðila og má ráða að eftirlit á grundvelli þessara frumvarpa byggist á þessum atriðum. Er því ljóst að starfsemi sem varðar tilkynnta aðila í frumvörpum er dæmd til þess að vera marklaus verði ekki tryggt að starfsemi faggildingaryfirvalda verði komið í rétt horf og alþjóðlegar kröfur þessa efnis uppfylltar.

LYFSÖLUHÓPUR SVÞ

Lyfsöluhópur SVÞ er hópur sem hittist reglulega, enda er lyfjageirinn ein þeirra atvinnugreina sem enn býr við mikil opinber afskipti. Af því leiðir að mikil og regluleg hagsmunagæsla fer fram fyrir þessa grein, sem er mikilvægur hluti af gangverki heilbrigðiskerfisins. Þær opinberu stofnanir sem einkum þarf að eiga samskipti við eru, auk heilbrigðisráðuneytisins, Lyfjagreiðslunefnd, Lyfjastofnun, Sjúkratryggingar Íslands og Embætti landlæknis.

Samskipti við Lyfjagreiðslunefnd

Á undanförunum tveimur til þremur árum hafa samskipti við Lyfjagreiðslunefnd komist í fastara form en verið hafði um langt árabil. Hinar lögboðnu breytingar sem gerðar eru árlega á hámarki á smásöluálagningu lyfja eru nú orðnar vísitölubundnar að mestu og hefur það leitt af sér þessar breytingar á samskiptum við nefndina.

Samskipti við Lyfjastofnun

Á árlegum fundi með forystufólki hjá Lyfjastofnun var rætt um helstu hagsmunamál greinarinnar, s.s. heimildir útskriftarnema í lyfjafræði til að starfa sem lyfjafræðingar frá því að einkunn fyrir lokaritgerð hefur verið gefin og fram að formlegri útskrift. Vonir standa til að hægt verði að koma þessum málum í réttan farveg en Embætti landlæknis hefur fram að þessu ekki ljáð máls á neinum breytingum.

Skýrsla Hagfræðistofnunar HÍ um þróun lyfjamarkaðarins

Fulltrúar hópsins áttu fundi með fulltrúum Hagfræðistofnunar HÍ við gerð þessarar skýrslu sem unnin var að beiðni heilbrigðisráðherra. Skýrslunni er ætlað að varpa ljósi á þær breytingar sem gerðar voru á lyfjamarkaðnum fyrir um tuttugu og fimm árum síðan. Lyfsöluhópur SVP lagði fyrir stofnunina mikið af gögnum sem sýndu þau hagfelldu áhrif sem þessar breytingar hefðu haft í för með sér fyrir hið opinbera, sjúklinga og markaðinn í heild sinni.

Evróputilskipun um lyfjaauðkenni

Reglugerð ESB um samræmdar aðgerðir innan Evrópu til að berjast gegn fölsuðum lyfjum tók gildi í febrúar 2019, innan allra aðildarríkja EES. Með þessum reglum er verið að innleiða nýja öryggisstaðla um hvernig koma megir í veg fyrir að fölsuð lyf komist í aðfangakeðju lyfja og að lokum til sjúklinga. Sérstakt félag, Lyfjaauðkenni ehf, var stofnað til að samræma og tryggja rétta innleiðingu á þessari breytingu hér á landi og á lyfsöluhópur SVP fulltrúa í stjórn þess félags. Ekkert bendir til annars en að innleiðing breytinganna hafi gengið vel fyrir sig í alla staði.

HÓPUR VÁTRYGGINGAMIÐLARA

Starfsemi hóps váttryggingamiðlara var með hefðbundnum hætti á starfsárinu. Áfram var unnið að því að finna nýja samstarfsaðila og bar það nokkurn árangur, en a.m.k. eitt erlent váttryggingafélag hóf að bjóða þjónustu sína hér á landi fyrir milligöngu váttryggingamiðlara.

Haldinn var kynningarfundur á vegum hópsins um frumvarp sem er í smíðum um dreifingu og sölu váttrygginga. Hér er um að ræða breytingu á Evrópulöggjöf á þessu sviði og miðar að því að auka neytendavernd.

SAMTÖK HEILBRIGÐISFYRIRTÆKJA

Samtök heilbrigðisfyrirtækja voru stofnuð fyrir tíu árum og hafa alla tíð síðan verið starfandi undir hatti SVP. Skrifstofa SVP sinnir almennri hagsmunagæslu fyrir samtökin, jafnframt því sem Samtök atvinnulífsins veita fyrirtækjum innan þessa hóps viðtæka aðstoð á kjaramálasviðinu.

Aðalfundur 2018

Aðalfundur SH var haldinn þann 29. mars og sóttu um tuttugu manns fundinn. Gestur fundarins var Alma Möller, verðandi Landlæknir (tók við starfinu 1. apríl 2018). Alma fór í framsögu sinni almennum orðum yfir sýn sína á heilbrigðiskerfið og skipulag þess. Hún lét í ljós von um að eiga gott samstarf við félagsmenn SH í ljósi þess mikilvæga hlutverks sem þeir hefðu að gegna.

Í ræðu formanns kom m.a. fram að fjallað hefði verið um ný persónuverndarlög á almennum félagsfundi innan samtakanna, nýtt greiðsluþáttökukerfi Sjúkratrygginga Íslands hefði verið sett á laggirnar og gagnrýndi hann slæga kynningu á því af hálfu stjórnvalda. Þá greindi formaður frá athugasemdum sem SH hefði sent Ríkisendurskoðun vegna skýrslu sem stofnunin vann um samninga Sjúkratrygginga Íslands við m.a. sérgreinalækna. Skattamál heilbrigðisfyrirtækja bar á góma í skýrslu formanns og því ósanngjarna virðisaukaskattsumhverfi sem heilbrigðisfyrirtæki búa við. Þá lýsti formaður því yfir að heiti samtakanna á ensku yrði: Federation of Private Healthcare Providers.

Stjórn SH var þannig skipuð á starfsárinu: Stefán E. Matthíasson, formaður, Jón Gauti Jónsson, varaformaður. Aðrir í stjórn voru: Knútur Óskarsson, Kristján Guðmundsson, Gunnlaugur Sigurjónsson, Guðmundur Örn Guðmundsson og Sigurpáll Scheving.

Samningar sérfræðilækna við Sjúkratryggingar Íslands (SÍ)

Samningur sérfræðilækna við SÍ rann út um áramótin 2018–2019. Þrátt fyrir að viðræður hafi staðið yfir með hléum seinni hluta árs 2018 náðust ekki samningar og er staðan sú frá ársbyrjun 2019 að sérfræðilæknar sinna störfum sínum án samnings. Læknafélag Reykjavíkur er hinn formlegi samningsaðili sérfræðilækna gagnvart SÍ, en staðan í þessum málum hefur verið rædd ítrekað á fundum stjórnar SH. Að mati stjórnar SH er það verulegt áhyggjuefni hversu áhugalaus stjórnvöld virðast vera um að ganga frá samningum við sérfræðilækna í ljósi þess hversu ríku hlutverki þeir hafa að gegna í gangverki heilbrigðiskerfisins, en um 30% allra læknamóttaka er við sérfræðilækna. Umræða um þessi mál hefur verið fyrirferðarmest í starfsemi SH á starfsárinu.

Skýrsla Samtaka atvinnulífsins um heilbrigðiskerfið

Samtök atvinnulífsins unnu að gerð skýrslu um heilbrigðiskerfið og viðhorf atvinnulífsins til þessa mikilvæga málaflokks. Fulltrúar SH áttu nokkra fundi með starfsmönnum SA sem unnu að gerð skýrslunnar og komu á framfæri mikilvægum ábendingum til þeirra.

Gjaldskrá Þjóðskrár Íslands

Samtök heilbrigðisfyrirtækja, í samstarfi við skrifstofu SVÞ, hafa mjög haft til skoðunar ýmis álitaefni sem varða gjalddöku Þjóðskrár Íslands og hvernig sú gjalddöku hefur áhrif á starfsemi heilbrigðisfyrirtækjanna, en aðgengi að þjóðskrá er lykilatriði í allri starfsemi heilbrigðisfyrirtækja. Meginkrafa samtakanna hefur verið sú að löggjöfin um þjóðskrá sé þannig úr garði gerð að gjaldskylda hvíli ekki á þeim aðilum sem eingöngu og alfarið sé gert að sækja upplýsingar úr þjóðskrá í þágu opinberra aðila. Mál þetta er hins vegar engan veginn til lykta leitt og enn ríkir óvissa um gjaldskyldu sérgreinalækna í þessum efnunum.

HAGSMUNAHÓPUR FASTEIGNAFÉLAGA

Hagsmunahópur fasteignafélaga hefur verið settur á laggirnar innan SVP og hefur það hlutverk að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum þeirra fyrirtækja. Formaður hópsins er Garðar H. Friðjónsson.

Fasteignaskattar

Umræða um fasteignaskatta og mikilvægi þess að taka þann stóra skattstofn sveitarfélaganna ofar í opinbera umræðu var það sem mest var rætt á vettvangi hópsins þetta fyrsta starfsár. Samtök atvinnulífsins í samstarfi við SVP gáfu út viðamikla skýrslu um fasteignaskatta í lok árs 2018 sem sýndi glögglega hversu íþyngjandi þessi skattur er orðinn fyrir rekstur fasteignafélaganna. Skýrslan sýndi einnig glögglega hversu mikill munur er á lagaumgjörð þessara mála hér á landi og á hinum Norðurlöndunum. Þá leiddi skýrslan í ljós að flest sveitarfélaganna í landinu eru með hámarksálagningu fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði, sem er 1,65% af fasteignamati. Stærsta sveitarfélagið, Reykjavík, sker sig þó úr að þessu leyti þar sem rúmlega helmingur allra innheimtra fasteignaskatta gengur til borgarsjóðs Reykjavíkur. Á fundi sem SVP stóð fyrir ásamt fleiri hagsmunasamtökum, með frambjóðendum til borgarstjórnar Reykjavíkur í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga, voru fasteignaskattar eitt þeirra mála sem mjög bar á góma.

Allt bendir til að eitt stærsta sameiginlega baráttumál fasteignafélagana á næstunni verði breyting á lagaumgjörð um fasteignaskatta hér á landi.

Mygla í fasteignum

Eftir fundaröð um myglu í fasteignum og áhrif hennar sem haldnir voru síðla árs 2017 og fyrri hluta árs 2018 var áfram haldið að vinna að þeim málum. Í undirbúningi er þýðing þýskra viðmiða sem notuð hafa verið þar í landi um árábil við að meta ástand fasteigna m.t.t. hvort myglu sé að finna í viðkomandi eign.

Lög um fjöleignahús

Lög um fjöleignahús eru komin til ára sinna og þarfnast endurskoðunar. Fjölmargt í þeim lögum snertir hagsmuni fasteignafélaganna og því hefur verið settur á laggirnar starfshópur sem vinna mun að tillögum um breytingar á lögnum. Starfshópurinn mun vinna náið með Húseigendafélaginu.



HAGSMUNAHÓPUR HREINGERNINGAFYRIRTÆKJA

Hagsmunahópur hreingerningafyrirtækja var settur á laggirnar innan SVÞ og eru forgangsmál hópsins kjaramál, opinber innkaup og framkvæmd þeirra og almenn starfsskilyrði greinarinnar. Formaður hópsins er Ari Þórðarson.

Kjaramál

Að mati hópsins eru þau mál sem mest er aðkallandi að taka til meðhöndlunar á kjarasviðinu akstursmál stafsmanna og meðhöndlun þeirra í kjarasamningum. Þetta atriði hefur oft verið til umræðu í fyrri kjarasamningum en aldrei verið klárað með fullnægjandi hætti.

Framkvæmd opinberra útboða

Að mati forsvarsmanna hreingerningafyrirtækjanna vantar mikið á að verkferlar í opinberum útboðum séu á þann veg að ásættanlegt geti talist. Er þá bæði verið að horfa á málið út frá sjónarhorni verkkaupa og verksala. Það sjónarmið er mjög uppi innan hópsins að það eigi að vera sameiginlegt markmið aðila að bæta þetta ferli enda megi með því auka gæði útboða, báðum aðilum til hagsbóta.

FLUTNINGASVIÐ SVÞ

Samgöngumál við sveitarstjórnarkosningar

Á fundi sem haldinn var með frambjóðendum til borgarstjórnar Reykjavíkur fyrir sveitarstjórnarkosningar sl. vor, voru sérstaklega til umræðu þarfir fyrir úrbætur í aðkomu að Sundahöfn og Holtagörðum. Aðkoma til og frá þessum lykilhöfnum hefur ekkert batnað sl. tuttugu ár, en um þær fer stærstur hluti varnings, bæði þess sem fluttur er inn og þess sem fluttur er út. Auk þess fer um þetta athafnasvæði stærstur hluti þeirra 130 þúsund ferðamanna sem hingað koma árlega með skemmtiferðaskipum. Fram kom á fundinum að engar framkvæmdir eru fyrirhugaðar á þessu svæði á næstunni til að bæta aðkomuleiðir. Einnig kom fram á þessum fundi að mikill meirihluti stjórnsmálaflokka sem sæti eiga í borgarstjórn Reykjavíkur, er fylgjandi því að ráðist verði í uppbyggingu Sundabrautar.

Uppbygging samgöngumannvirkja – stefna til framtíðar

Samgöngustefna til framtíðar hefur verið til umræðu innan flutningahópsins og bent á mikilvægi þess að setja fram samgöngustefnu þar sem hlutum er forgangsraðað. Mikilvægt væri að sú vinna yrði unnin í nánú samstarfi við önnur hagsmunasamtök, SA, SAF og mögulega flutningahóp Sjávarklasans. Það er að mati hópsins vænlegasta leiðin til að skapa öflugan þrýsting á stjórnvöld. Samvinna í fjármögnun mannvirkja milli einkaaðila og opinberra væri einnig aðkallandi til þess að skriður kæmist á þessi mál.

Fjármögnun samgöngumannvirkja

Innan flutningasviðs SVP hefur verið rætt um fjármögnun samgönguframkvæmda, ekki síst í ljósi þeirra miklu og aðkallandi verkefna, bæði á sviði nýframkvæmda og endurnýjunar samgöngumannvirkja sem ráðast þyrfti í. Hugmyndir um veggjöld hafa komið inn í þá umræðu og sýnist þar sitt hverjum. Það sjónarmið er uppi að slík gjöld verði fyrst og fremst landsbyggðarskattur og komi til með að hækka flutningskostnað og þar með vöruverð. Svo eru önnur sjónarmið uppi þess efnis að með breyttri eldsneytisnotkun bifreiða, þar sem hlutur jarðefnaeldsneytis muni fara minnkandi, verði að finna aðra skattstofna til að fjármagna uppbyggingu og viðhald vegakerfisins.

Formaður flutningasviðs SVP er Hörður Gunnarsson.

FAGHÓPUR STAFRÆNNAR VERSLUNAR

Faghópur stafrænnar verslunar var stofnsettur í desember 2018. Þau hagsmunamál sem brenna á félagsmönnum við stofnun hópsins eru flutninga- og sendingamál, greiðslulausnir, tollamál við útflutning, styrkir úr samkeppnissjóðum á borð við Rannís til þróunar í verslun og komandi ePrivacy reglugerð Evrópusambandsins, auk fræðslu tengdri stafrænni verslun.

Formaður hópsins er Bragi Þór Antoníusson.

SAMTÖK SJÁLFSTÆÐRA SKÓLA

SVP sinnir skrifstofuhaldi og sér um hagsmunagæslu fyrir Samtök sjálfstæðra skóla (SSSK) sem stofnuð voru árið 2005 en skólar innan SSSK gengu í SVP árið 2008. Innan samtakanna er 51 sjálfstætt starfandi skóli á leik- og grunnskólastigi.

Stjórn SSSK var þannig skipuð á starfsárinu: Sara Dögg Svanhildardóttir, formaður og Þórdís Jóna Sigurðardóttir, varaformaður. Meðstjórnendur voru: Guðmundur Pétursson, Gísli Guðmundsson og María Sighvatsdóttir. Varamenn voru: Ingibjörg Jóhannesdóttir, Jón Örn Valsson og Sigríður Stephensen.

Tæpt verður á því helsta í starfsemi samtakanna hér á eftir.

Kjaramál

Árið var rólegt hvað varðar kjaramál þar sem kjarasamningar við stéttarfélögin gilda til 2019 en þó með forsenduákvæðum um launaþróun á tímabilinu.

Samskipti við opinbera aðila

Hagsmunagæsla fyrir SSSK snýr mikið að samskiptum og samvinnu við ríki og sveitarfélög. Komu mörg álitamál til umfjöllunar á starfsárinu.

Mikil samskipti voru við Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar um málefni sjálfstæðra skóla, má þar helst nefna endurskoðun vegna þjónustusamninga um rekstur frístundaheimila og endurnýjun þjónustusamninga um rekstur leikskóla. Samningur um rekstur leikskóla er í höfn en enn er unnið að útfærslum samnings er varðar rekstur frístundaheimila. Þingmannafrumvarp þess efnis að hækka lögbundið framlag til sjálfstætt starfandi grunnskóla var lagt fram fyrir þingið og bíður umræðu.

Samráðsnefnd leik- og grunnskóla

SSSK eiga einn aðalfulltrúa og einn til vara í samráðsnefnd leik- og grunnskóla á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis. Hlutverk nefndarinnar er að vera umræðu- og samstarfsvettvangur aðila um ýmis fagleg málefni leikskóla og grunnskóla. Fyrirkomulag fundanna er yfirleitt þannig að ráðherra menntamála situr fundinn að hluta og síðan taka fulltrúar umræðu um þau fjölbreyttu mál sem eru til kynningar og umræðu í nefndinni hverju sinni.

Alþjóðlegt samstarf

SSSK eru aðili að The European Council of National Associations of Independent Schools, ECNAIS, www.ecnais.org. Haldnar eru tvær ráðstefnur á vegum samtakanna ár hvert, vor og haust. Eru þessar ráðstefnur mjög vel sóttar af fulltrúum sjálfstæðra skóla víðsvegar að úr heiminum og er mikill stuðningur af þessu samstarfi.

Félagsstarf SSSK

Öflugt félagsstarf er einkennandi í starfi samtakanna þar sem stefnt er að því að upplýsa, fræða og skemmta félagsmönnum bæði á leik- og grunnskólastigi.

Aðalfundur SSSK 2018

Aðalfundur SSSK var haldinn 25. apríl sl. í Húsi atvinnulífsins. Sara Dögg Svanhildardóttir frá Arnarskóla var kjörin formaður og varaformaður var kjörin Þórdís Jóna Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar ehf. Í lok fundar ávarpaði Þorsteinn Guðmundsson frá Hvataskólanum aðalfundargesti.

Dagur skólastjórans er fastur viðburður í starfi samtakanna og var að þessu sinni fagnað í lok október. Að venju var blandað saman leik og starfi og skólar á Reykjanesinu heimsóttir.

Félagsfundir

Á hverju starfsári er fundað með fulltrúum frá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar þar sem rekstartengd mál eru tekin fyrir.

Trans börn í skólakerfinu

Um miðjan október var haldinn fræðslufundur með ráðgjafa Samtakanna '78 sem sérhæfir sig í ráðgjöf fyrir börn, ungmenni og forráðamenn og foreldra trans barns um líf og veruleika trans barna í skólakerfinu.

Ráðstefna SSSK 2018

SSSK blésu til sinnar árlegu ráðstefnu 1. mars sl. undir yfirskriftinni „Líður öllum vel?“. Ráðstefnan var haldin í Hörpunni með þátttöku ríflega 200 manns. Erlendur gestur ráðstefnunnar var Sören Tonnesen skrifstofustjóri samtaka sjálfstæðra skóla í Danmörku.

SAMTÖK ÖKUSKÓLA

Samtök ökuskóla, SÖ, eru skipuð fjórum stærstu ökuskólum landsins og eru samtökin á sínu sjöunda starfsári. Í þessum ökuskólum fer fram víðtæk fræðsla/kennsla er varðar allt öku- og vinnuvélanám í landinu.


LÖGFRÆÐISVIÐ

Á skrifstofu SVP er veitt ýmis lögfræðileg ráðgjöf og aðstoð fyrir bæði aðildarfyrirtæki sem og starfsfólk skrifstofu og stjórn SVP auk faghópa samtakanna. Er um að ræða ráðgjöf er viðkemur starfsemi fyrirtækja sem og samskipti við opinbera aðila, þ.m.t. samskipti við stofnanir, ríki og sveitarfélög sem og rekstur mála fyrir opinberum kærunefndum, ráðuneytum og umboðsmanni Alþingis.

Verkefni lögfræðisviðsins eru mismunandi og ráðast m.a. af áhersluatriðum SVP hverju sinni sem og þeim álitamálum sem samtökunum berast frá aðildarfyrirtækjum. Eftirfarandi er samantekt á þeim verkefnum sem lögfræðisviðið hefur fengist við á tímabilinu 2018-2019 og hvernig þau verkefni skiptast niður á einstaka málaflokka.

Stærstur hluti verkefnanna fellur undir almenn lögfræðistörf sem er vinna fyrir einstök aðildarfyrirtæki, þ.e. umfram svör við fyrirspurnum o.þ.h. Þá falla þar undir einnig ýmis ágreiningsmál sem samtökin hafa lagt til úrlausnar hjá stjórnvöldum, s.s. kvartanir til Eftirlitsstofnunar EFTA, umboðsmanns Alþingis, Samkeppniseftirlitsins, úrskurðarnefnda af ýmsum toga og ráðuneyta.

Til viðbótar við almenn lögfræðistörf eru svo aðgreindar sérstaklega almennar fyrirspurnir sem berast frá aðildarfyrirtækjum og fela ekki í sér að rekið sé sérstakt mál vegna þeirra. Þar á eftir kemur vinna fyrir einstaka faghópa samtakanna. Önnur mál þessu tengd er vinna tengd umsögnum sem sendar eru til Alþingis, einstakra ráðuneyta eða stofnana. Þess ber að geta að vinna við umsagnir um þingmál hefur tekið breytingum þar sem við hefðbundnar umsagnarbeiðnir frá Alþingi hafa stjórnvöld einnig tekið í notkun samráðsgátt Stjórnarráðsins þar sem ýmis mál eru kynnt til umsagnar, s.s. drög að frumvörpum og reglugerðum. Loks er yfirlit yfir hlutfall funda sem og innri málefni en undir síðastnefnda flokkinn falla verkefni er varða starfsemi skrifstofu SVP almennt.



Umsagnir

Eftirtalin frumvörp, þingsályktunartillögur og reglugerðir bárust samtökunum til umsagnar á starfsárinu:

Frumvörp

Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2019

Frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum, nr. 99/1993, og búnaðarlögum, nr. 70/1998 (verðlagsnefnd búvara, undanþágur frá ákvæðum samkeppnislaga, verðjöfnunargjöld o.fl.)

Frumvarp til laga um pósthjónustu

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um vaktstöð siglinga, nr. 41/2003 (hafnsaga)

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með síðari breytingum (verðlagsuppfærsla)

Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2019

Frumvarp til laga um ýmsar aðgerðir í samræmi við forsendur fjárlaga fyrir árið 2019 (tekjuskattur einstaklinga, persónuafsláttur, barnabætur, vaxtabætur, tryggingagjald)

Frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988 (kaup og sala þjónustu milli landa, áskriftir og sala fréttablaða o.fl.)

Frumvarp til laga um breytingu á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum (vanþróuðustu ríki heims)

Frumvarp til laga um breytingu á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum

(upprunatengdir ostar, móðurmjólk)

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, með síðari breytingum (EES-reglur, stjórnvaldssektir o.fl.)

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun og lögum um fjarskipti (gjaldtaka fyrir tíðnir og alþjónusta)

Frumvarp til laga um Ferðamálastofu

Frumvarp til laga um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun

Frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum (fölsuð lyf, netverslun, miðlun lyfja)

Frumvarp til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði

Frumvarp til laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003, með síðari breytingum (EES-reglur, nethlutleysi, CE-merkingar á fjarskiptabúnaði)

Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til samræmingar á áætlunum á sviði samgöngu-, fjarskipta-, sveitarstjórnar- og byggðamála

Frumvarp til laga um ökutækjatrýggingar

Þingsályktunartillögur

Tillaga til þingsályktunar um eflingu björgunarskipaflota Landsbjargar

Tillaga til þingsályktunar um uppsögn tollasamnings um landbúnaðarvörur við Evrópusambandið

Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2019–2033

Tillaga til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2019–2023

Tillaga til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2019–2023

Tillaga til þingsályktunar um stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018–2029

Reglugerðir og fleira

Drög að reglugerð um raf- og rafeindatækjaúrgang

Drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um urðun úrgangs

Drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um meðferð umbúða og umbúðaúrgangs

HAGFRÆÐISVIÐ

Frá því í mars 2018 og fram til janúar 2019 hafa verið birtar tvær skýrslur og tvær greiningar.

Rannsóknasetur verslunarinnar gaf út skýrsluna „Íslensk netverslun - áhrif stafrænnar tækni og alþjóðlegrar samkeppni“ en í henni er leitast við að lýsa þeim gífurlegu breytingum sem eiga sér stað í verslun með tilkomu stafrænnar tækni og afleiðingum hennar, sérstaklega fyrir íslenska verslun. Hagfræðingar SVP og VR voru til ráðgjafar. Skýrslan sýnir meðal annars fram á að netverslun kallar á miklar breytingar á því hvernig fólk hugsar um hugtakið verslun. Fjallað er um áhrif samkeppni frá stórum alþjóðlegum netverslunum á íslenska verslun.

Í skýrslunni kemur meðal annars fram að netverslun Íslendinga var 2,9% af heildarveltu innlendarar smásöluverslunar:

„Íslendingar keyptu vörur í netverslun fyrir um 13,1 milljarð kr. árið 2017. Af heildarveltu netverslunar voru 8,8 milljarðar kr. vegna innlendarar netverslunar og 4,3 milljarðar vegna erlendarar netverslunar Íslendinga. Vörur sem keyptar voru frá útlöndum og hafa einhverra hluta vegna ekki farið í gegnum tollaafgreiðslu eru ekki meðtaldar. Því eru líkur á að erlend netverslun sé heldur meiri en tölurnar segja til um.

Árlegur vöxtur í veltu innlendarar netverslunar var 14,9% þegar borin er saman velta netverslunar fyrstu sex mánuði 2017 og sama tímabil 2018. Ársaukning á veltu netverslunar frá útlöndum er 10,7% miðað við sama tímabil.“

SVP - Samtök verslunar og þjónustu gáfu út skýrsluna „Framleiðni í íslenskri verslun“ í samstarfi við Rannsóknasetur verslunarinnar. Framleiðnimælingin er hugsuð sem viðbót við skýrsluna „Íslensk netverslun - áhrif stafrænnar tækni og alþjóðlegrar samkeppni“ og er ætlað að varpa ljósi á samkeppnisstöðu íslenskrar verslunar. Framleiðni, sem er eitt af lykilhugtökum rekstrarhagfræðinnar, er skilgreind sem vöxtur verðmætis framleiðslu að gefnum þeim fjölda framleiðslupáttanna sem fara inn í framleiðsluna. Í skýrslunni er m.a. fjallað um framleiðni vinnuafls eða verðmætasköpun á hverja vinnustund. Vinnuafl er hlutfallslega mjög stór þáttur í rekstri verslana og því eðlilegt að nota verðmætasköpun á vinnustund sem mælikvarða við mat á framleiðni.

Í skýrslunni kemur meðal annars fram að á tímabilinu 2008 til 2017 hækkaði framleiðni vinnuafls í heild- og smásöluverslun um 3,7% á ári. Framleiðnivöxturinn var meiri í smásölu en heildverslun og hjá öllum atvinnugreinum í heild sinni. Þannig var árlegur

vöxtur í framleiðni vinnuafls í smásölu 4,5%, um 1,8% í heildverslun og um 1,5% í öllum atvinnugreinum á tímabilinu. Ein skýring sem nefnd hefur verið fyrir lægri vexti í framleiðni í heildverslun er sú að lítið hafi verið um tækninýjungar í greininni.

Með því að bera saman vinnsluvirðið á hverja vinnustund í heild- og smásöluverslun við vinnsluvirði í heild- og smásölu á hinum Norðurlöndunum sést að Ísland er með lægri framleiðni á vinnustund en Danmörk, Noregur og Svíþjóð en hærri en Finnland. Ef framleiðni á Íslandi er borin saman við hin Norðurlöndin er vinnsluvirðið á hverja vinnustund í íslenskri heildverslun lægst, meðan það er hæst í Danmörku. Þegar horft er til vinnsluvirðis á hverja vinnustund í íslenskri smásölu borið saman við hin Norðurlöndin sést að framleiðnin hér á landi er sú hæsta meðal Norðurlanda. Taka verður fram að hlutfall verðmætasköpunar á vinnustund er háð ýmsu öðru en vinnuafl. Það á t.d. við um þætti sem nýttir eru í framleiðslu, t.a.m. fjármagni, viðeigandi tæknistigi og stærðarhagræði. Líklegt er að stærri rekstrareiningar og bætt stjórnun í rekstri á Íslandi hafi skilað sér í aukinni framleiðni í smásöluverslun. Þá er ekki ólíklegt að fjölgun ferðamanna á síðustu árum hafi lagt sitt af mörkum til að bæta nýtingu framleiðslupáttanna, en ferðamönnum hefur fjölgað langt umfram fjölgun þjóðarinnar. Um leið hafa áhrif ferðamanna á hvers kyns verslunarfyrirtæki aukist mikið.

Netverslun eykst hratt

Í aðsendri grein í Viðskiptablaðinu þann 24. janúar 2019 var fjallað um að sala á netinu fari vaxandi sem hluti af alþjóðlegri smásölu. Á síðasta ári má búast við að sala á netinu hafi verið um 11,9% af heildarveltu smásöluverslunar. Á sama tíma er spáð að sala í hefðbundinni verslun hafi dregist saman um 1,7% sem sýnir að markaðshlutdeild smásöluaðila á netinu eykst á kostnað hefðbundinnar smásölu.

Þrátt fyrir öran vöxt netverslunar fer stærsti hluti smásöluverslunar enn fram í hefðbundnum verslunum. Þá eru skilin milli net- og hefðbundinnar verslunar að verða óljósari; hefðbundin verslun beitir netlausnum og netfyrirtæki beita hefðbundnum aðferðum. Sem dæmi má nefna að í nýlegri könnun um netinnkaup Íslendinga kemur fram að 61% svarenda skoðar vörur fyrst á netinu áður en þær eru keyptar í hefðbundinni verslun.

Netverslun á Norðurlöndum

Í þessari greiningu er sjónum beint að netverslun á Norðurlöndum. Ef hlutfall þeirra neytenda sem stunduðu netviðskipti á Norðurlöndum á árinu 2017 er skoðað kemur í ljós að þriðjungur kaupenda á Norðurlöndum hafði keypt vörur erlendis frá í gegnum netið. Þegar upplýsingar um netverslun norrænna neytenda eru skoðaðar sést að það er vinsælast að kaupa föt og skó erlendis frá. Þar á eftir koma heimilisraftæki, afþreyingarefni, snyrti- og heilsuvörur og íþrótt- og tómstundavörur.

Á undanförunum árum hefur notkun snjallsíma aukist í netverslun. Svíþjóð, í samanburði við önnur Norðurlönd, er komin einna lengst á þessu sviði. Rúmlega fjórir af hverjum tíu sænskum neytendum hafa keypt vörur á netinu með farsíma samanborið við rúmlega þriðjung neytenda á öðrum Norðurlöndum.

Gagnavísir SVP

Til að dýpka umræðuna og halda áfram að styrkja umfjöllun og meðvitund um stöðu og horfur í íslenskri verslun hafa SVP ákveðið að birta lifandi mælaborð „Gagnavísir SVP“ á heimasíðu sinni sem sýnir þróun vísitölu neysluverðs og undirvísitölur ásamt þróun og horfum helstu hagvísu. Unnið er að breytingum á Gagnavísi SVP með það að markmiði að upplýsingarnar séu aðgengilegri og notendavænni.

3 MENNTA- OG FRÆÐSLUMÁL

Menntamál hafa verið áberandi á vettvangi stjórnar SVP á starfsárinu enda er sá málaflokkur að verða sífellt mikilvægari í öllu starfi hagsmunaaðila fyrir atvinnulífið. Unnið hefur verið að stofnun námsbrautar á framhaldsskólastigi, s.k. þjónustubrautar, sem verði sniðin að þörfum þeirra sem vilja stefna á störf í verslunar- eða þjónustugreinum í framtíðinni. Upphaflega var stefnt að því að setja slíkt nám á laggirnar í samvinnu við Tækniskólann og voru viðræður við skólann komnar langt á veg. Það samstarf gekk hins vegar ekki upp þegar á reyndi og því kannaðir möguleikar á samstarfi við aðra skóla.

Verslunarskólinn sýndi strax mikinn áhuga á verkefninu og mun ný námsbraut, sem hlotið hefur nafnið „Stafræn viðskiptalína“ fara af stað við skólann haustið 2019. Þar verður lögð áhersla á vinnustaðanám, tölvuþekkingu, markaðsfræði og þjónustu. Alls munu

tuttugu og fimm nemendur hefja nám á námsbrautinni í haust.

Verslunarskólinn er einnig að þróa hugmynd um fagnám verslunarfólks. Þar yrði um að ræða 90 eininga nám á framhaldsskólastigi sem samanstæði af vinnustaðanámi og fjarnámi. Undirbúningsvinna stendur yfir og verður verkefnið kynnt aftur þegar það hefur verið þróað frekar.

Námsframboð sem tengist verslun og þjónustu hefur verið af skorum skammti og námsleiðir eru flóknar og óskýrar. Það er sérkennilegt þar sem störf í heild- og smásöluverslun eru um 14% allra starfa í atvinnulífinu og rekja má rúmlega fjórðung af heildarveltu hagkerfisins til verslunarinnar.

SVP hefur lagt mikla áherslu á að framboð verði meira og að þær námsleiðir sem í boði eru skapi sér sess innan þess námsframboðs sem fyrir er með áherslu á að lyfta starfsgreininni til vegs og virðingar og gera verslun og þjónustu að eftirsóttum starfsvettvangi. Aðgengi að skýrum valkosti til menntunar á sviði verslunar og þjónustu þarf að vera til staðar. Mikil vinna síðustu missera er að skila frábærum og spennandi valkosti inn í framhaldsskólakerfið sem er árangur af frumkvæði SVP að samstarfi fleiri aðila.

Námsframboð

Opni háskólinn í Háskólanum í Reykjavík hefur boðið upp á námslínu fyrir stjórnendur í verslun og þjónustu og var slík lína keyrð síðastliðið haust.

Námsbraut á fagháskólastigi í verslun og þjónustu hefur fest sig í sessi en námsbrautin er samstarfsverkefni Háskólans í Reykjavík og Háskólans á Bifröst. En þar stundar 21 nemandi nám í dag.

Ný námslína á framhaldsskólastigi við Verslunarskóla Íslands. Haustið 2019 hefst kennsla nýrrar námsbrautar sem ber heitið „Stafræn viðskiptalína“. Unnið hefur verið að skipulagi námsins undanfarin tvö ár að frumkvæði SVP í samstarfi við Verslunarskólann, VR og Starfsmenntasjóð verslunar- og skrifstofufólks. Sérstaða námslínunnar er mikil þar sem í fyrsta skipti er boðið upp á vinnustaðanám sem hluta af námi til stúdentsprófs. Vinnustaðanámið er afmarkað við fyrirtæki sem sérhæfa sig í stafrænum lausnum eins og t.d. vefverslanir. Tækninni fleygir fram og krafan um aukna menntun í verslun og þjónustu fer vaxandi samhliða þeirri stafrænu þróun sem er að verða í atvinnugreininni. Samhliða nýrri stúdentsbraut er unnið að þróun 90 eininga náms á framhaldsskólastigi ætlað starfsfólki í verslun sem einnig er hýst í Verslunarskóla Íslands. Brautin verður kennd í fjarnámi og á vettvangi starfsmanna í samstarfi við fyrirtæki í verslun og þjónustu.



Fyrirhugað er að hefja kennslu námsbrautarinnar áramótin 2019-20. Byggir mat starfsmanna á raunfærnimati og er unnið í nánú samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sem og Mími símenntunarstöð. Sara Dögg forstöðumaður menntamála situr fyrir hönd SVP í stýrihópi sem fer fyrir þróun beggja þessara brauta.

Þátttaka í nefndum og starfshópum

Aðkoma samtakanna að fræðslu- og menntamálum hefur verið með margs konar hætti, m.a. með þátttöku fulltrúa í ráðum sem hafa með fræðslu- og menntamál að gera og með stuðningi við verkefni á sviði mennta- og fræðslumála. Verkefnin eru fjölbreytt og má þar nefna eftirfarandi:

- Stýrihópur um tvær námsbrautir á framhaldsskólastigi sem er unnin í samstarfi við Verslunarskóla Íslands.
- Þróunarhópur um nýja námsbraut við Verslunarskóla Íslands, Stafræn viðskiptabraut sem fer af stað haustið 2019.
- Stýrihópur um námsbraut á fagháskólastigi en skráningu á námsbrautina er lokið og námið hafið.
- Samráðshópur um nám fullorðinna en óskað var eftir tilnefningum frá velferðarráðuneyti, atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti, ASÍ, SA, BSRB, Bandalagi Háskólamanna (BHM), Félagi framhaldsskólakennara, Skólameistarafélagi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Menntamálastofnun, innflytjendaráði, Kvási, ÖBÍ, Fjölmenn, Vinnumálastofnun, Menntavísindasviði Háskóla Íslands, EPALÉ (Rannís) og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Samráðshópurinn er skipaður til fjögurra ára.
- Verkefnahópur um úrbætur í menntun, hæfingu, atvinnu og tómstundum fyrir

nemendur sem lokið hafa námi á starfsbrautum framhaldsskóla.

Óskað var eftir tilnefningu frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

- Starfsgreinaráð verslunar- og skrifstofufólks en það sinnir fjölmörgum verkefnum er snúa að menntun og fræðslu fyrir skrifstofu- og verslunargreinar.
- Starfsgreinaráð fyrir samgöngu-, farartækja- og flutningagreinar. Þar er unnið viðtækt starf er snýr að menntun og fræðslumálum.

Menntanefnd Samtaka atvinnulífsins

Innan Húss atvinnulífsins er starfrækt menntanefnd sem er skipuð fulltrúum frá SA og öllum aðildarfélögum. Nefndin fundar reglulega og fer yfir helstu mál hverju sinni, áherslur og verkefni. Menntadagur atvinnulífsins er haldinn árlega og ber menntanefndin ábyrgð á honum, heldur utan um skipulag og framkvæmd. Menntanefndin sameinast um ýmis verkefni á sviði mennta-, fræðslu- og mannauðsmála og má þar nefna röð morgunverðarfunda um menntun og mannauð.

Hæfniramma um íslenska menntun

Unnið er áfram að hæfniramma um íslenska menntun sem mennta- og menningarmálaráðuneyti, ASÍ, SA, BSRB, Kvasir, Leikni, Bandalag háskólamanna (BHM), Samtök íslenskra framhaldsskólanema (SÍF) og Landssamtök íslenskra stúdenta (LÍS) undirrituðu fyrir rúmu ári. Hæfniramma um íslenska menntun er ætlað að endurspegla stigvaxandi hæfniröfur í formlegu og óformlegu námi á Íslandi. Kortlagning starfsgreinaráðs á störfum innan verslunar nýtist vel fyrir greinina og tengir inn í hæfniprep íslenska hæfnirammans.

Erlent vinnuafli – þjálfun og fræðsla

Í undirbúningi eru átaksverkefni til úrbóta um málefni erlends vinnuafils með ýmsum aðgerðum. Má þar nefna 100 orð! Námskeið/app um 100 orð á íslensku sem mikilvægt er að kunna á íslenskum vinnumarkaði ásamt gagnagrunni fyrir félagsmenn þar sem hægt verður að nálgast leiðbeiningar, gátlista og fleira er varðar móttöku á erlendum starfsmönnum.

Diplómanám í viðskiptafræði og verslunarstjórnun

Diplómanám í viðskiptafræði og verslunarstjórnun er tveggja ára dreifnám með vinnu og eru grunnáfangar þess birgða-, vöru- og rekstrarstjórnun, kaupmennska og verslunarréttur sem eru sérstaklega hannaðir fyrir nám í verslunarstjórnun. Einnig taka nemendur áfanga í rekstrarhagfræði, stjórnun, mannauðsstjórnun, þjónustustjórnun og reikningshaldi ásamt einum valáfanga sem nú þegar er kenndur til BS gráðu í viðskiptafræðum við Háskólann á Bifröst og í Háskólanum í Reykjavík. Hægt er að sitja áfangana þar sem námsmanni hentar, hvort sem er í staðnámi í HR eða í fjarnámi frá Bifröst. Námið byggir á ítarlegri greiningu á starfi verslunarstjóra og veitir góðan grunn í viðskipta- og verslunarrekstri.

Hluti af náminu er í formi vinnustofa þar sem stjórnendur úr atvinnulífinu greina frá því helsta sem er að gerast í starfsgreininni. Sérstakur náms- og starfsráðgjafi vinnur með nemendahópnum og veitir ráðgjöf. Námið hófst 16. febrúar með vinnuhelgi á Bifröst. Alls er 21 nemendi skráður í námið.

Starfsgreinaráð fyrir samgöngu-, farartækja- og flutningagreinar

Að venju voru fjölbreytt mál til umfjöllunar á vettvangi ráðsins á liðnu starfsári. Má þar helst nefna skólanám í flutningagreinum, vinnustaðanám/starfsþjálfun, lengd námsbrauta í bifvélavirkjun, fagháskólanám, aðalnámskrá fyrir bílgreinina og fleira.

Starfsgreinaráð fyrir skrifstofu- og verslunargreinar

Starfsgreinaráðið sinnir fjölmörgum verkefnum sem snúa að menntun og fræðslu fyrir skrifstofu- og verslunargreinar. Á starfsárinu var m.a. haldið áfram vinnu við hæfnikröfur og starfálýsingar á verslunarstörfum og hafist handa við að hæfnigreina skrifstofustörf, en Fræðslumiðstöð atvinnulífsins leiddi þá vinnu.

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks

Markmið sjóðsins er að auka hæfni og menntun verslunar- og skrifstofufólks, ásamt því að stuðla að auknu framboði af námi og námsefni sem svari þörfum atvinnulífsins á hverjum tíma. Áfram hefur verið lögð áhersla á að kynna sjóðinn fyrir fyrirtækjum sem hefur borið mjög góðan árangur sem sýnir sig í aukningu í fyrirtækjastyrkjum. Mörg fyrirtæki hafa nýtt sér „Fræðslustjóra að láni“ en í því felst að fá mannauðsráðgjafa til fyrirtækisins, sérhæfðan í vinnustaðfræðslu og óformlegri menntun. Sífelld er unnið að því að yfirfara reglur sjóðsins til að hann nýtist einstaklingum og fyrirtækjum sem best. Voru styrkir til einstaklinga og fyrirtækja hækkaðir verulega í upphafi árs 2018. Allar upplýsingar um styrki og starfsreglur sjóðsins má finna á www.starfsmennt.is.

Á starfsárinu samþykkti sjóðurinn rúmlega 560 umsóknir frá fyrirtækjum en rúmlega 500 árið 2018 þannig að það er umtalsverð aukning á milli ára. 22 „Fræðslustjóri að láni“ verkefni hófu göngu sína á árinu, en voru 20 árið 2018.

Fyrirtæki á lækkuðu iðgjaldi eru samtals 22 talsins en þau fyrirtæki sem uppfylla ákveðin skilyrði sbr. reglur þar um í fræðslumálum geta sótt um lækkað iðgjald.

Sjóðurinn rekur í samstarfi við aðra starfsmenntasjóði „Áttina“ sem er sameiginleg vefgátt. Það hefur mælst sérstaklega vel fyrir að hafa sameiginlega vefgátt sem gerir starfsmenntasjóðakerfið auðveldara í aðgengi. Á starfsárinu var einnig opnuð Facebook síða á vegum sjóðsins.

FRÆÐSLU- OG UPPLÝSINGAFUNDIR

Aðalfundur SVÞ 2018 – ráðstefna

Aðalfundur SVÞ var haldinn þann 15. mars 2018. Fundurinn var tvískiptur, hefðbundin aðalfundarstörf að morgni í Kviku, Húsi atvinnulífsins og ráðstefna seinni hluta dags á Hilton Reykjavík Nordica undir yfirskriftinni „Framtíðin er núna“.

Ráðstefnan var öllum opin og heppnaðist með afbrigðum vel en hana sátu um 276 manns. Magnus Lindkvist, rithöfundur og framtíðarfræðingur, var aðalfyrirlesari ráðstefnunnar og fjallaði m.a. um að framtíðin sé ekki staður eða dagsetning, hún er viss virkni. Við þurfum að hætta að vera fórnarlömb og byrja að skipuleggja og stýra eigin örlögum. Við þurfum að kenna öllum, frá börnum til forstjóra, markvisst að gera framtíðina betri.



Á ráðstefnunni fjallaði Lisa Simpson, sérfræðingur hjá Deloitte í Dublin, um sambland bálkakeðjutækninnar við aðfangakeðjur. Lisa Simpson sagði meðal annars í erindi sínu að Blockchain væri sú tækni sem mun hafa hvað mest áhrif á viðskiptamódel í framtíðinni og hvernig fólk hagar samskiptum sínum við aðra.

Auk þess héldu formaður SVÞ, Margrét Sanders, og ráðherra ferðamála, iðnaðar og nýsköpunar, Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir tölur á ráðstefnunni sem fór fram undir styrkri stjórn Bergs Ebba Benediktssonar, framtíðarfræðings.

Menntadagur atvinnulífsins

Um miðjan febrúar var Menntadagur atvinnulífsins haldinn en að honum standa SA ásamt sex aðildarsamtökum, þ.m.t. SVÞ. Menntadagur atvinnulífsins var þetta árið haldinn í Hörpu og var mjög vel sóttur.

Dagurinn bar yfirskriftina Læsi þar sem fjallað var um læsi í víðum skilningi. Menntadagurinn hefur fest sig í sessi sem árlegur viðburður og var nú haldinn í fimmta sinn.

Menntaverðlaun atvinnulífsins voru veitt, Höldur er menntafyrirtæki ársins og Friðheimar menntasproti ársins. Að lokinni sameiginlegri dagskrá voru haldnar málstofur þar sem kafað var dýpra í efni dagsins. Signý Sif Sigurðardóttir frá Landsvirkjun stýrði fundi. Boðið var upp á kynningar fræðslusjóða og fræðsluaðila á sérstöku menntatorgi en menntadagurinn er haldinn með myndarlegum stuðningi Landsmenntar, Starfsafls, Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks og Sambands stjórnendafélaga.

Fræðsludagskráin

Fræðsludagskrá vetrarins var skipulögð með hliðsjón af dagskrá frá fyrra ári og með það að leiðarljósi að halda áfram að byggja ofan á það sem áður hafði verið fjallað um. Meginþemað var stafræna byltingin sem er að eiga sér stað innan verslunar og þjónustu.

Fræðslufundirnir voru afar vel sóttir og oftast ekki fullur salur. Fundir voru haldnir vikulega, almennt á þriðjudögum og voru ýmist 1,5 klst. (fyrirlestrar) eða 3 klst. (námskeið).

Tekið var upp það fyrirkomulag að hafa almennt frítt fyrir félagsmenn en að láta aðra greiða aðgangseyri. Þó greiddu allir fyrir netverslunarráðstefnuna, enda var hún haldin á Hótel Natura og boðið upp á morgunverð.

Könnun var gerð eftir hvern viðburð og voru þátttakendur almennt mjög ánægðir með viðburðina. Aðsókn var almennt mjög góð og sóttu að jafnaði 60-70 manns hvern viðburð og yfir 200 manns morgunverðarráðstefnuna sem haldin var.

Eftirtaldir fræðsluviðburðir voru haldnir:

Fræðslufyrirlestur um greiningu á upplifun viðskiptavina

Diðrik Örn Gunnarsson frá Stafrænu auglýsingastofunni. Tæplega 70 manns voru skráðir.

Námskeið í sölubestun vefverslana

Bragi Þór Antoníusson, markaðsstjóra Elko. Rúmlega 80 manns voru á viðburðinum og gluggakistur í Hyl nýttar sem sæti.

Námskeið í efnismarkaðssetningu

Þóranna K. Jónsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri SVP.

Tæplega 70 manns voru skráðir til leiks.

Fræðslufyrirlestur um Facebook Messenger spjallmenni (e. bots) í þjónustu við viðskiptavini

Sigurður Svansson og Elvar Andri Guðmundsson frá Sahara.

Um 40 manns sóttu fyrirlesturinn.

Námskeið í leitarvélbestun vefverslana

Styrmir Músson, sérfræðingur í stafrænni markaðssetningu hjá Sahara.

Tæplega 70 manns voru skráðir.

Námskeið í áhrifaríkri markaðssetningu með tölvupósti

Þóranna K. Jónsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri SVP.

Tæplega 60 manns voru skráðir til leiks og óskað var eftir framhaldsnámskeiði um hvernig byggja má upp póstlistann.

Morgunverðarráðstefna um íslenska netverslun

Morgunverðarráðstefna um íslenska netverslun var haldin 12. október, í kjölfar útgáfu skýrslu Rannsóknaseturs verslunarinnar um efnið. Aðalfyrirlesari var Svíinn Pelle Pettersson, sérfræðingur í netverslun. Að auki gerði Árni Sverrir Hafsteinsson, forstöðumaður RSV, grein fyrir nýútkominni skýrslu og eftirfarandi aðilar sögðu frá reynslu sinni af rekstri netverslana á Íslandi:

- Guðmundur Magnason í Heimkaupum
- Bjarni Jónsson hjá Nordic Store
- Heiða Kristín Helgudóttir hjá Efni

Rúmlega 200 manns skráðu sig til leiks og var þétt setið í salnum.

Fundur um Brexit

SVP, í samvinnu við Bresk- íslenska viðskiptaráðið, stóð fyrir fundi um Brexit og möguleg áhrif þess á íslenska inn- og útflutningshagsmunum. Fundurinn var haldinn þegar einungis fjórar vikur voru þar til útganga Bretlands úr Evrópusambandinu á að taka gildi. Meðal ræðumanna voru utanríkisráðherra, Guðlaugur Þór Þórðarson, sendiherra Bretlands á Íslandi Michael Nevin og Jóhanna Jónsdóttir, sérfræðingur utanríkisráðuneytisins í Brexit málum.

Fundurinn var fjölsóttur og varpaði ljósi á málið út frá íslenskum hagsmunum, bæði miðað við að útganga yrði á grundvelli samnings eða án samnings. Þrátt fyrir að mjög stutt sé þangað til útganga á að taka gildi ríkir enn mikil óvissa um málið.

Litla Ísland – Smáþing og fundaröð

Viðburðir Litla Íslands 2018 voru Smáþing sem haldið var í febrúar, fyrirlestur með Öldu Karen í mars um markaðsmál og fundur um kjaramál í nóvember. Stefnt er að því að efla verkefnið til muna á árinu 2019 með því að leggja aukna áherslu á rekstrarfræðslu og stafræna miðlun upplýsinga til félagsmanna. Frekari upplýsingar um verkefnið og fundina má finna á vefnum litlaisland.is og á [Facebook.com/litlaisland](https://www.facebook.com/litlaisland)

Öryggi á vegum og vetrarþjónusta

Í samvinnu við SAF var haldinn félagsfundur í nóvember um vetrarþjónustu, viðhald og öryggismál í vegakerfinu. Á fundinum fóru fulltrúar frá Vegagerðinni og Reykjavíkurborg yfir fyrirkomulag vetrarþjónustu og svöruðu spurningum fundargesta.

Vinnustofa – Nýjustu tæknimöguleikar í markaðssetningu á netinu

Á vormánuðum 2017 var haldin vinnustofa í samvinnu við fyrirtækið Papaya sem býður upp á sérhæfðar lausnir á samfélagsmiðlum. Stjórn vinnustofu var í höndum Magnúsar Sigurbjörnssonar, framkvæmdastjóra og eiganda Papaya.

Kynningarfundur SVP í samvinnu við SI og Umhverfisstofnun um efnalög

Efni, efnablöndur og hlutir sem innihalda efni eru allt í kringum okkur og gilda um þau ákveðnar reglur til að lágmarka áhættu sem fylgir notkun þeirra. Íslensk löggjöf í þessum málaflokki byggir á löggjöf Evrópusambandsins og fylgir Ísland þannig stefnu þess í málafloknum. Í efnalögum er Umhverfisstofnun falið það hlutverk að hafa umsjón með

framkvæmd laganna, upplýsa almenning um hættu tengda notkun á efnum, hafa eftirlit með meðferð og markaðssetningu o.fl. Til að upplýsa aðildarfyrirtæki nánar um þetta eftirlit Umhverfisstofnunar boðuðu SVÞ til sameiginlegs fundar með Samtökum iðnaðarins og Umhverfisstofnun í nóvember á síðasta ári þar sem til umfjöllunar var reglugerð um stjórnvaldssektir fyrir brot á efnalögum en reglugerðin tók gildi í maí sama ár. Á fundinum fjölluðu starfsmenn Umhverfisstofnunar nánar um eftirlit stofnunarinnar og svöruðu einnig spurningum fundargesta.

4 SÉRTÆK VERKEFNI/ÁHERSLUR

UMHVERFISMÁL

Starfshópur um matarsóun

Hópurinn hefur formlega lokið verkefninu og skilað af sér skýrslu en fulltrúar þeirra samtaka og stofnana sem sæti áttu í hópnum hittast áfram til að fylgja eftir þeim tillögum sem lagðar voru fram. Framlag SVÞ í matarsóunarhópnum hefur falist í greinarskrifum og þátttöku í opinberum verkefnum á vegum hópsins.

Árið 2018 lagði Umhverfisstofnun áherslu á að dreifa því fræðsluefni sem hefur verið framleitt undanfarin ár. Myndbönd með Helgu Brögu voru birt í upphafi árs á mismunandi miðlum. Myndböndin hafa vakið athygli og almenna ánægju.

Facebook-síðan matarsoun.is er virk og alltaf að bætast við fylgjendur. Frekari upplýsingar um matarsóunarverkefnið má finna á www.matarsoun.is.

Úrvinnslusjóður

SVÞ eiga fulltrúa í stjórn Úrvinnslusjóðs sem sér um umsýslu úrvinnslugjalds og ráðstöfun þess. Úrvinnslusjóður hefur það hlutverk að koma upp skilvirku fyrirkomulagi á úrvinnslu úrgangs sem er tilkominn vegna vara sem falla undir lög um Úrvinnslusjóð. Þá skal sjóðurinn leitast við að skapa sem hagkvæmust skilyrði til úrvinnslu úrgangs og semja við aðila um úrvinnslu úrgangs á grundvelli útboða eða verkamninga eftir því sem við á. Hin síðari ár hefur verið lögð æ meiri áhersla á að vöruhringrásin sé eins lokuð og kostur er og að notkun hráefnis og orku sé í lágmarki auk þess að sem minnst falli úr hringrásinni í formi úrgangs sem verður að farga enda eru hráefni og orka til vöruframleiðslu oft takmarkaðar

auðlindir sem ber að fara með eins sparlega og kostur er. Úrvinnslusjóður vinnur að því að sem minnst falli úr vöruhringrásinni í formi úrgangs sem þarf að farga. Hann reynir með hagrænum hvötum að stuðla að sem mestri endurnýtingu og endurvinnslu. Þessu til viðbótar er Úrvinnslusjóður umhverfisfyrirvöldum til ráðgjafar á þeim sviðum sem sjóðurinn starfar á.

Græna orkan

SVÞ er samstarfsaðili Grænu orkunnar sem er klasasamstarf um orkuskipti sem miðar að því að auka hlut visthæfra innlendra orkugjafa í samgöngum á kostnað innflutts kolefnaeldsneytis. Græna orkan hefur í samvinnu við stjórnvöld unnið að framgangi orkuskipta á Íslandi í samræmi við skýrslu og aðgerðaáætlun sem lögð var fram á Alþingi í lok árs 2011 „Orkuskipti í samgöngum“. Græna orkan hefur komið með beinum hætti að ýmsum breytingum sem hafa verið hvati til orkuskipta. Á vettvangi Grænu orkunnar var einnig ákveðið að stofna formleg félagasamtök undir heitinu Samstarfsvettvangur um orkuskipti. Markmiðið með samtökunum er að allir þeir sem á einn eða annan hátt starfa að orkuskiptum í samgöngum á Íslandi sjái Grænu orkuna sem sameiginlegan vettvang upplýsingagjafar og skoðanaskipta.

Persónuvernd

SVÞ hafa tekið þátt í samstarfi SA og aðildarsamtaka vegna þeirra breytinga sem brátt verða gerðar á persónuverndarlöggjöf. Á þeim vettvangi hefur hópurinn m.a. fundað með fulltrúum Persónuverndar, sótt kynningarfundir á þessu sviði og fylgst náið með vinnu við innleiðingu stjórnvalda á regluverki EES-samningsins. Á þeim vettvangi hafa samtökin einnig safnað saman ýmsu ítarefni um þessi mál og hefur það nú verið birt á sérstakri upplýsingasíðu inni á vinnumarkaðsvef SA og vef SVÞ. Stefnt er að því að birta þar jafnóðum frekari upplýsingar og ítarefni þegar það liggur fyrir.

Litla Ísland

Litla Ísland er vettvangur fræðslu og tengsla lítilla og meðalstórra fyrirtækja óháð atvinnugreinum.

Tilgangurinn með verkefninu er margþættur, svo sem að:

- Efla forvarnir með fræðslu um lykilþætti í rekstri og stuðla að bættu rekstrarumhverfi
- Gæta hagsmuna og styrkja rödd lítilla og meðalstórra fyrirtækja í atvinnulífinu
- Stuðla að tengslamyndun meðal eigenda og stjórnenda lítilla og meðalstórra fyrirtækja

Að Litla Íslandi standa Samtök atvinnulífsins, Samtök verslunar og þjónustu, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök iðnaðarins og Samtök fjármálafyrirtækja.

Smásöluvísitala RSV

Útgáfu Smásöluvísitölunnar sem Rannsóknasetur verslunarinnar hefur gefið út frá árinu 2001 er nú að mestu hætt, nema vísitala fyrir áfengi, húsgögn, skrifstofuhúsgögn, rúm, byggingavörur og gólfefni er enn gefin út.

Stjórn SVP hefur fjallað um þessa stöðu á fundum sínum og telur það afturför að ekki sé lengur til staðar „mælaborð“ fyrir greinina og telur nauðsynlegt að leita leiða til að þráðurinn verði tekinn upp að nýju. Það sé t.d. ekki gott fyrir samkeppnina í landinu að engin slík vísitala sé lengur til staðar. Það er því verkefni á næstu mánuðum að leita leiða til að fylla í það skarð sem afnám smásöluvísitölunnar hefur skilið eftir sig.

Netverslunarvísitala

Rannsóknasetur verslunarinnar hefur í samstarfi við SVP náð samkomulagi við tollayfirvöld um öflun upplýsinga um þróun netverslunar Íslendinga við erlendar netverslanir. Á sama hátt hefur einnig náðst samkomulag við innlenda færsluhirða um veitingu upplýsinga um þróun innlendar netverslunar. Markmiðið með þessu verkefni er að sýna með tölfræðilegum hætti hvernig netverslun þróast frá mánuði til mánaðar og frá ári til árs. Sambærileg vísitala hefur verið gefin út í nágrannalöndum okkar um árabil.

An aerial photograph of a road construction site. A blue shipping container is positioned on the right side of the road, with yellow machinery mounted on top. A worker in an orange safety suit is walking on the road surface to the left of the container. The road has yellow lane markings. In the background, a white truck is visible. A small white box containing gravel sits on the road surface near the container.

SVÞ – SAMTÖK VERSLUNAR OG ÞJÓNUSTU
ÁRSREIKNINGUR 2018

EFNISYFIRLIT

	bls.
Áritun stjórnar	2
Áritun endurskoðanda	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	4 - 5
Sjóðstreymi	5
Skýringar	6-8

SKÝRSLA STJÓRNAR

Meginstarfsemi félagsins

SVP-Samtök verslunar og þjónustu (SVP) eru samtök félaga, sjálfseignarstofnana og einstaklinga sem starfa við atvinnurekstur á sviði verslunar, smásölu, heildsölu, umboðssölu, innflutnings, útflutnings, vörudreifingar, flutninga, og annarrar þjónustu. Samtökin eru málsvari atvinnurekenda í verslunar- og þjónustufyrirtækjum og vinna að almennum, sameiginlegum hagsmunamálum aðildarfyrirtækja.

Starfsemin á árinu

Rekstur samtakanna á árinu var með svipuðu móti og áður. Nánar er vísað er til rekstrarreiknings varðandi rekstur félagsins á árinu. Fjöldi ársverka var 4 á árinu 2018 en var 4,5 á árinu 2017.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra SVP að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Ráðstöfun hagnaðar

Stjórnin leggur til að hagnaður ársins verði færður til hækkunar á óráðstöfuðu eigin fé.

Stjórn og framkvæmdastjóri SVP staðfesta ársreikning félagsins fyrir árið 2018 með áritun sinni.

Reykjavík, 15. febrúar 2018

Stjórn

Margrét Sanders
Ánni Jónsdóttir
Jóhanna Guðmundsdóttir

Ólafur Halldórsson
Rannveig Pálmadóttir
Þorgerður Björnsdóttir

Framkvæmdastjóri

Dr. Steinn Pálsson

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar SVP – Samtaka verslunar og þjónustu

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning SVP - Samtaka verslunar og þjónustu fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2017, efnahag þess 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur, og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda. Við erum óháð félaginu samkvæmt ákvæðum siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum félagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning félagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa félagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi félagsins. Stjórnendum félagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkum við frá fyrirvaralausú álit. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að félagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Reykjavík, 15. febrúar 2018

PricewaterhouseCoopers ehf

Ljósbrá Baldursdóttir
löggitur endurskoðandi



REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2018

	Skýringar	2018	2017
Rekstrartekjur			
Tekjur af aðalstarfsemi		114.253.664	101.474.167
Rekstrargjöld			
Laun og annar starfsmannakostnaður ..	2	58.316.515	63.157.840
Annar rekstrarkostnaður		45.974.460	36.648.927
Afskriftir	4	2.671.632	2.690.267
		106.962.607	102.497.034
Rekstrarhagnaður (-tap)		7.291.057	(1.022.867)
Fjármunatekjur og (-gjöld)			
Fjármunatekjur	3,6	3.399.384	5.283.030
Fjármagnsgjöld		(370.916)	(142.961)
Gengismunur		124.179	0
		3.152.647	5.140.069
Hagnaður ársins		10.443.704	4.117.202

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2018

	Skýringar	2018	2017
EIGNIR			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	4	29.020.122	31.691.754
Fastafjármunir samtals		29.020.122	31.691.754
Veltufjármunir			
Kröfur vegna félagsgjalda	5	3.308.404	2.600.841
Aðrar skammtímakröfur	5	61.357	6.294.719
Markaðsverðbréf	6	106.962.942	102.064.199
Handbært fé		56.556.377	41.744.134
		166.889.080	152.703.893
Eignir samtals		195.909.202	184.395.647

EIGIÐ FÉ OG SKULDIR

	Skýringar	2018	2017
EIGIÐ FÉ OG SKULDIR			
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	7	182.109.685	171.665.981
Skammtímaskuldir			
Ógreiddar innheimtur		1.695.134	1.895.931
Aðrar skammtímaskuldir	8	12.104.383	10.833.735
		13.799.517	12.729.666
Skuldir og eigið fé samtals		195.909.202	184.395.647

SJÓÐSTREYMI ÁRSINS 2018

	Skýringar	2018	2017
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður ársins		10.443.704	4.117.202
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé:			
Afskriftir		2.671.632	2.690.267
Gangvirðisbreyting verðbréfa		(2.381.319)	(4.592.087)
		10.734.017	2.215.382
Lækkun rekstrartengdra eigna:			
Kröfur vegna félagsgjalda			
og aðrar skammtímakröfur		5.525.799	2.710.819
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		1.069.851	2.623.588
		6.595.650	5.334.407
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		17.329.667	7.549.789
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfestingar í verðbréfum (nettó)		(2.517.424)	(2.280.686)
Breyting á handbæru fé		14.812.243	5.269.103
Handbært fé í ársbyrjun		41.744.134	36.475.031
Handbært fé í árslok		56.556.377	41.744.134
Innborgaðir vextir		1.018.065	690.943
Greiddir vextir		(370.916)	(142.961)

SKÝRINGAR

1. REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem eru þær sömu og árið á undan.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

1.2 Innlausn tekna

Árgjöld aðildarféлага eru færð til tekna í rekstrarreikningi samkvæmt félagaskrá eftir að tillit hefur verið tekið til úrsagna og leiðréttinga.

1.3 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til þess að gjaldfæra mismun á kostnaðarverði og hrakvirði á áætluðum endingartíma eignanna sem hér segir:

Fasteign	33 ár
Húsbúnaður	10 ár
Bifreið	5 ár

1.4 Leigusamningar

Leigusamningar sem samtökin hafa gert eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar og leigugreiðslur gjaldfærðar á því tímabili sem þær tilheyra.

1.5 Verðbréf

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til.

1.6 Kröfur vegna félagsgjalda

Kröfur vegna félagsgjalda eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

1.7 Ógreiddar innheimtur og aðrar skammtímaskuldir

Ógreiddar innheimtur og aðrar skammtímaskuldir eru færðar á nafnverði.

1.8 Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnistæðum.

2. LAUN OG ANNAR STARFSMANNAKOSTNAÐUR

	2018	2017
Laun	47.144.475	50.821.120
Lífeyrissjóður	5.935.347	5.677.463
Önnur launatengd gjöld	4.238.186	5.432.292
Annar starfsmannakostnaður	998.507	1.226.965
	<u>58.316.515</u>	<u>63.157.840</u>

Fjöldi ársverka var 4 á árinu 2018 en var 4,5 árið 2017.

3. FJÁRMUNATEKJUR

Fjármunatekjur greinast þannig:

	2018	2017
Vaxtatekjur af bankainnistæðum	1.097.951	751.112
Fjármunatekjur af markaðsverðbréfum (sjá nánar skýringu 6)	2.381.319	4.592.087
Aðrar vaxtatekjur	198.818	117.474
Fjármagnstekjuskattur	(278.704)	(177.643)
	<u>3.399.384</u>	<u>5.283.030</u>

SKÝRINGAR

4. VARANLEGIR REKSTRARFJÁRMUNIR

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Fasteign	Húsbúnaður	Bifreið	Samtals
Árslok 2017:				
Bókfært verð í ársbyrjun	27.098.270	172.918	7.110.833	34.382.021
Afskrifað á árinu	(1.222.632)	(18.635)	(1.449.000)	(2.690.267)
Bókfært verð í árslok	25.875.638	154.283	5.661.833	31.691.754

Bókfært verð í árslok 2017 greinist þannig:

Kostnaðarverð	45.282.662	1.596.226	8.050.000	54.928.888
Afskrifað samtals	(19.407.024)	(1.441.943)	(2.388.167)	(23.237.134)
Bókfært verð í árslok	25.875.638	154.283	5.661.833	31.691.754

Árslok 2018:

Bókfært verð í ársbyrjun	25.875.638	154.283	5.661.833	31.691.754
Afskrifað á árinu	(1.222.632)	0	(1.449.000)	(2.671.632)
Bókfært verð í árslok	24.653.006	154.283	4.212.833	29.020.122

Bókfært verð í árslok 2018 greinist þannig:

Kostnaðarverð	45.282.662	1.596.226	8.050.000	54.928.888
Afskrifað samtals	(20.629.656)	(1.441.943)	(3.837.167)	(25.908.766)
Bókfært verð í árslok	24.653.006	154.283	4.212.833	29.020.122

Upplýsingar um bókfært verð og matsverð fasteignar í árslok 2018:

	Fasteignamat, hús	Fasteignamat, leigulóð	Brunabótamat	Bókfært verð
Borgartún 35	37.420.000	8.580.000	81.500.000	24.653.006

Lausafé samtakanna er vátryggt fyrir um 5,2 milljónir króna.

SKÝRINGAR

5. KRÖFUR VEGNA FÉLAGSGJALDA OG AÐRAR SKAMMTÍMAKRÖFUR

Kröfur vegna félagsgjalda greinast þannig:

	31.12.2018	31.12.2017
Óinnheimt félagsgjöld	3.497.507	2.780.669
Varúðarniðurfærsla	(189.103)	(179.828)
	<u>3.308.404</u>	<u>2.600.841</u>

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

Kröfur vegna SA/RFHA	0	5.050.340
Aðrar skammtímakröfur	61.357	1.244.379
	<u>61.357</u>	<u>6.294.719</u>

6. MARKAÐSVERÐBRÉF

Verðbréfaeign samtakanna skiptist niður á vörsluaðila á eftirfarandi hátt:

	31.12.2018	31.12.2017
Virðing	13.195.452	12.553.426
Íslandsbanki VÍB	106.056.231	103.485.561
Bankareikningar í eignastýringu		
endurflokkaðir á handbært fé	(7.476.985)	(9.994.409)
Áætlaður áfallinn fjármagnstekju-		
skattur af óinnleystum hagnaði	(4.811.756)	(3.980.379)
	<u>106.962.942</u>	<u>102.064.199</u>

Verðhækkun verðbréfa greinist þannig:

	2018	2017
Söluhagnaður, sölutap og		
gengisbreyting verðbréfa	2.612.135	4.882.528
Vaxtatekjur	600.561	613.802
Áætlaður áfallinn fjármagnstekju-		
skattur af óinnleystum hagnaði	(831.377)	(904.243)
	<u>2.381.319</u>	<u>4.592.087</u>

7. EIGIÐ FÉ

Yfirlit um breytingar á óráðstöfuðu eigin fé:

Hreyfingar 2017:

Staða í ársbyrjun	167.548.779
Hagnaður ársins	<u>4.117.202</u>
Staða í árslok	<u>171.665.981</u>

Hreyfingar 2018:

Staða í ársbyrjun	171.665.981
Hagnaður ársins	<u>10.443.704</u>
Staða í árslok	<u>182.109.685</u>

8. AÐRAR SKAMMTÍMASKULDIR

	31.12.2018	31.12.2017
Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:		
Launatengdar skuldir	8.341.757	8.010.948
Aðrar skuldir	<u>3.762.626</u>	<u>2.822.787</u>
	<u>12.104.383</u>	<u>10.833.735</u>

